



FORSETAFRÚIN HEFUR EKKI LENGUR LÖGHEIMILI Á BESSASTÖÐUM ▶ 2



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

15. júní 2013  
139. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## ÆVINTÝRI LÍFS MÍNS

Elin Reynisdóttir förðunarmeistari flutti ásamt manni og börnum til Dubai fyrir þremur árum. Hún segir fjölskyldutengslin hafa styrkst við flutningana, börnin blómstra og tækifærin eru mörg í landinu. ▶ 24



**LEGGJA PÝSKALAND AÐ FÓTUM SÉR** Systkinin Sólveig og Þorleifur Örn Arnarsbörn hafa bæði slegið í gegn í Pýskalandi. ▶ 30



**ROSALEG PÖRF TIL AÐ GERA EITTHVAÐ NÝTT** Orri Páll, trommari Sigur Rósar, um nýju plötuna, fjölskylduna og brotthvarf Kjartans Sveinssonar. ▶ 36



### ÓTRÚLEGUR FERILL Á ENDA

Ólafur Stefánsson leikur sinn síðasta landsleik á sunnudag. ▶ 38



17. JÚNÍ FÖTIN sem krakkarnir vilja



17%  
AFSLÁTTUR  
TIL 17. JÚNÍ

name it.

NAME IT KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

Fylgstu með okkur á Facebook

NÝTT KORTATÍMABIL

**ÞESSAHELGI**

TÍU TIL **50%**

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM byggto og búíð | Kringlunni

**Blöðrur og bros**

Sjáðu þjóðhátíðar-tilboðin á bls. 22

Smáralind



# JIBBÍ JEI!

## Fjölskylduhátíð alla helgina

### LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ

10-18 Fritt í öll leiktæki í göngugötu.

12-18 Trampólín í göngugötu.

★ 13.00 **Brúðubíllinn.**

*Sýning við veitingastaðinn Portið 2.hæð.*

13.30 Lúðrasveit kemur öllum í þjóðhátíðarskapið.

14.10

15.00

16.30

Bingó á Blómatorgi. Flottir vinningar í boði.

★ 14.30

15.30

Köngulóarmaðurinn sýnir stórkostlegt atriði.

15.00 Fritt í Sambíóin Kringlunni:

*Sammi 2 og Öskubuska í villta vestrinu.*

16.00 Dr. Gunni og vinir hans skemmta á Blómatorgi.

### SUNNUDAGUR 16. JÚNÍ

13-18 Fritt í öll leiktæki í göngugötu.

13-18 Trampólín í göngugötu.

14.00 Dr. Gunni og vinir hans skemmta á Blómatorgi.

14.30

15.30

Bingó á Blómatorgi. Flottir vinningar í boði.

15.00 Fritt í Sambíóin Kringlunni:

*Sammi 2 og Öskubuska í villta vestrinu.*

16-17 Salsalceland.

*Danssýning og kennsla fyrir byrjendur.*

Fyndnar  
furðuverur færa  
hressum krökkum  
**ís og blöðrur.**  
Kaffi og konfekt fyrir  
þá fullorðnu.

**Teiknisamkeppni  
barnanna:**

Skemmtilegasta  
17.júní myndin!

**Nýtt  
kortatímabil**

Kringlan

Opið  
laugardag 10-18, sunnudag 13-18  
Lýðveldisdaginn 17. júní lokað

AF ÖLLU HJARTA

kringlan.is  
facebook.com/kringlan.is

08.06.2013 → 14.06.2013

**5.000**

Á Norður- og Austurlandi er ljóst að kalskemmdir eru stórfelldar á yfir fimm þúsund hekturum af landi.

**163** milljónir króna á ári  
**6** megavött

Hugsanlegt tekjutap Orkuveitu Reykjavíkur vegna sex megavatta minni afkastagetu Hellsheiðarvirkjunar er tæplega fjórtán milljónir króna á mánuði ef ekki er gripið til aðgerða. Það eru tæplega 163 milljónir á ársgrundvelli



**5.950 kr.**


Miðaverð á haustsýningar Mary Poppins hefur hækkað um átta prósent og er komið í 5.950 krónur.

**4** ár

Stelpurnar okkar í **Íslenska kvinnalandsliðinu í handbolta** missa af sínu fyrsta stórmóti í fjögur ár þegar HM fer fram í Serbíu í lok ársins.

**136**

136 Íslendingar og útlendingar létust á ferðum sínum um landið á árunum 2000 til 2010. Af þeim létust 77 í umferðarslysum og 31 í útivist eða afþreyingu.



**81%**

Ef haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla núna myndi 81 prósent Svía greiða atkvæði gegn því að sænsku krónunni yrði skipt út fyrir evru.



Á Grímunni hlutu sýningar Þjóðleikhússins átta verðlaun á móti fimm verðlaunum sem runnu til Borgarleikhússins, fyrir utan samstarfsýningar.

**Helgi Már Art-húrsson látinn**

Helgi Már Arthúrsson, fyrrverandi blaðamaður og fréttamaður, er látinn, 62 ára að aldri.



Helgi Már var lands-kunnur blaða- og fréttamaður. Hann fæddist 19. febrúar 1951 og stundaði nám hér heima og í Danmörku. Hann starfaði sem blaðamaður, meðal annars á Alþýðublaðinu, og stofnaði blaðið Nýtt land með Vilmundi Gylfasyni.

Hann starfaði sem ritstjóri og fréttamaður á RÚV og Stöð 2 og varð síðan upplýsingafulltrúi heilbrigðisráðuneytisins.

Helgi lætur eftir sig eigin-konu, Sigríði Árnadóttur, og fimm börn.

**Heppinn að hafa ekki lamast**

Fimm ára drengur slasaðist illa eftir að ökuníðingur fældi hesta undir börnum á reiðnámskeiði í Garðabæ. Móðir drengsins segir hann heppinn að hafa ekki lamast. Hann hafi tímabundið misst mátt í báðum fótum.

**SLYS** „Þegar ég kom á staðinn var verið að halda á stráknum mínum inn í sjúkrabílinn. Ég sá ekki strax hvort hann væri með með-vitund, en sá bara að hann var illa slasaður. Allir hestarnir voru hlaupnir í burtu og krakkarnir lágu eins og tuskur úti um allt.“

Svona lýsir Sigurbjörg Magnúsdóttir því þegar hún mætti til að sækja son sinn, hinn fimm ára gamla Patrek Trausta Jóhannsson, á reiðnámskeiði í fyrradag. Á leiðinni þurfti hún að víkja fyrir sjúkrabílinum.

Þeir reyndust vera á leiðinni að sækja Patrek en hann var einn af fjórum börnum á aldrinum fimm til átta ára sem voru að koma til baka úr reiðtúr ásamt leiðbeinendum sínum við hesthúsahverfið á Kjóavöllum í Garðabæ, þegar ökuníðingur fældi hestana með þeim afleiðingum að þau féllu öll af baki. Börnin voru mjög skelkuð eftir slysið en Patrekur var sá eini sem slasaðist alvarlega.

Þegar Sigurbjörg kom á staðinn var hann mikið kvalinn og átti erfitt með andardrátt. „Svo var hann spurður hvort hann myndi fyrir fótunum og hann sagði nei. Ég hugsaði bara, guð minn góður, þetta getur ekki verið að gerast,“ segir Sigurbjörg.

Stuttu seinna fór Patrekur að hreyfa fæturna en hann hlaut slæma áverka, meðal annars tvær rifur á lifrina og innvortis blæðingar. „Hann er líka mikið marinn á bakinu, á svæðinu við hrygginn, þar sem mænan er og er heppinn að hafa ekki lamast eða slasast enn þá meira. Það hefur greinilega einhver haldið verndarhendi yfir honum,“ segir Sigurbjörg.

Hún kveðst fyrst og fremst



**FLAUG AF BAKI EINS OG LAUFBLAÐ** Sigurbjörg þakkar fyrir að Patrekur slasaðist þó ekki meira en raun ber vitni. Hún segir hegðun öikumansins ófyrirgefana í hesthúsahverfi.

þakklát fyrir að ekki hafi farið verr. Ökuníðingurinn hefur ekki gefið sig fram en Sigurbjörg vonar að hann sjái að sér. „Þetta eru allt þaulvanir barnahestar og það þarf mikið til þess að heill hópur af hestum fælist svo heiftarlega að öll börnin fljúgi af eins og laufblöð,“ segir Sigurbjörg með áherslu. „Svona hegðun er ófyrirgefana í hesthúsahverfi.“

Patrekur var fluttur af gjör-gæslu á Barnaspítalann um miðjan dag í gær og útlit er fyrir að hann nái sér að fullu. hrund@stod2.is

**„Orðlaus yfir þessari framkomu“**

„Pau voru að koma til baka úr reiðtúr og það var teymt undir þeim. Það var ekki verið að fara neitt óvarlega, ég myndi aldrei leyfa það,“ segir Halla María Þórðardóttir, eigandi reiðskólans Eðalhesta í Garðabæ. „Pau voru að fara yfir götuna og einn bíll vék fyrir þeim en annar kom á fleygiferð fram úr honum. Krakkarnir voru greinilega eitthvað fyrir honum og hann bara brunaði fram hjá þeim og hélt flautunni inni. Þá náttúrulega fældust hrossin og það þarf svo lítið til að krakkarnir detti af baki, þau flugu öll af greyni.“

Halla segir að oft sé hratt keyrt á götunni við hesthúsahverfið á Kjóavöllum og að þar hafi áður orðið slys. Náðsýnlegt sé að setja upp hraðahindranir til að draga úr hættunni. „Ég er orðlaus yfir þessari framkomu öikumansins, en vonandi verður eitthvað gert í þessu núna. Það þarf yfirleitt slys til þess að hlutirnir séu lagaðir,“ segir Halla.

**Samkeppniseftirlitið óánægt: Einokun í akstri er alvarlegt mál**

**SAMKEPPNISMÁL** Einkaleyfi sem Vegagerðin hefur veitt Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum til að sinna átætlunarakstri á milli Leifsstöðvar og Reykjavíkur felur í sér alvarlegar samkeppnishindranir. Þetta kemur fram í álitum um einokun í akstri á leiðinni sem Samkeppniseftirlitið sendi innanríkisráðherra og Vegagerðinni í gær.

Samkeppniseftirlitið hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að það hefði ekki lagaheimild til að koma í veg fyrir samninginn en beindi þeim tilmælum til Ögmundar Jónassonar, háverandi innanríkisráðherra, að aksturinn yrði boðinn út. Ögmundur fór ekki að þeim tilmælum.

-sh

**RÆSTI-VÖRUR**

Í Rekstrarlandi er frábært úrval hreingeringavara fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir á mjög góðu verði.

**MOPPUSETT**  
40 cm  
Verð frá 6.209 kr.

**FJÖLNOTA KLÚTAR**  
Bleikir, bláir og gulir  
Verð frá 139 kr.

Skeifunni 11 | Sími 515 1100 | www.rekstrarland.is

**Veðurspá** Gildistími korta er um hádegi

**HELGIN OG 17. JÚNÍ** Yfirleitt hægur vindur eða hafgola á landinu um helgina og nokkuð bjart en þokuloft sums staðar við ströndina. Líkur á síðdegisskúrum inn til landsins. Þykkar smám saman suðvestan til á þjóðhátíðardaginn.

**Á morgun**  
Hæg vestlæg eða breytileg átt

17. júní  
Suðvestan 3-8 m/s SV-til.

Alicante 25°	Billund 20°	Gautaborg 19°	London 16°	Orlando 30°	San Francisco 18°
Basel 26°	Frankfurt 22°	Kaupmannahöfn 19°	Mallorca 25°	Ósló 19°	Stokkhólmur 19°
Berlín 24°	Friedrichshafen 26°	Las Palmas 24°	New York 25°	París 20°	

**Elísabet Margeisdóttir** veðurfréttamaður

**GARÐADÖGUM LÝKUR!**

**20-50%  
AFSLÁTTUR**

Garðhúsgögn  
Gasgrill  
Sláttuvélar  
Sláttuorfi  
Garðverkfæri  
Útivistarfatnaður  
Útimálning  
Viðarvörn

Sumarblóm  
Ávaxtatré  
Matjurtir  
Tré og runnar  
Hekklippur  
Útipottar  
Mold



**17. júní**  
stemming  
laugardag og  
sunnudag  
í Kaffi Garði, Skútuvogi!  
Pylsa og kók á 99 kr.  
Ís á 99 kr.

**Afgreiðslutími 17. júní**

Húsamiðjan og Blómaval  
Skútuvogi  
kl. 11-19  
Blómaval Akureyri  
kl. 11-15



**HÚSAMÍDJAN**  
HLUTI AF BYGMA

**blómaval**

ALLT FRA GRUNNI AD GODU HEIMILI  
SIDAN 1956

LÍGGA  
LÁGA  
VERO

## Ofsaakstur fyrir norðan: Tekinn á 160 í Eyjafjarðarsveit

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður var tekinn á 160 kílómetra hraða í Eyjafjarðarsveit eftir hádegi í gær. Lögreglan stöðvaði einnig tvo aðra ökumenn, sem mældir voru á 130 kílómetra hraða í Öxnadal.

Að sögn lögreglunnar á Akureyri er töluverður viðbúnaður í umdæminu vegna Bíladaga sem fara fram í bænum um helgina. Lögreglan hvetur ökumenn til að keyra á löglegum hraða og hafa beltin spennit.

Fjárhagslegri endurskipulagningu Skipta að ljúka og skilyrði lánardrottna uppfyllt:

## Mikil eftirspurn eftir skuldum Skipta

**VIÐSKIPTI** Skipti hf. hafa nú uppfyllt öll skilyrði sem sett voru fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Undirritaður hefur verið lánsamningur við Arion banka að fjárhæð 19 milljarðar og þá hefur félagið tekið á móti áskriftar- loforðum frá fagfjórðingum að nýjum skuldabréfaflokkum að fjárhæð átta milljarðar en alls bærust tilboð að fjárhæð tólf milljarðar.

„Efnahagur félagsins verður sterkur eftir þessar breytingar og með lækkingun skulda mun fjár-

magnskostnaðurinn lækka verulega,“ segir Benedikt Sveinsson, stjórnarformaður Skipta, um tíðindi gærdagsins.

Í kjölfar endurskipulagningarinnar lækka skuldir Skipta úr 62 milljörðum í 27 milljarða. Eigendur alls 22 milljarða skuldabréfaflokks félagsins, á gjalddaga í apríl 2014, eignast hlutafé í stað skuldanna og það sama gildir um hluta krafna Arion banka, stærsta lánardrottins Skipta. Stórt sambankalán hefur svo verið endurfjármagnað með

annars vegar nítján milljarða láni frá Arion banka og hins vegar nýju skuldabréfunum.

Að endurskipulagningu lokinni er Arion banki stærsti hluthafi Skipta með 38,3% hlut en næststærstu eigendurnir eru Lifeyrissjóður verslunarmanna, Lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Gildi lifeyrissjóður.

- mpi

**SÍMINN** Síminn er langstærsta dótturfélag Skipta en félagið á einnig Skjáinn, Mílu, Senu og Trackwell, svo nokkur félög séu nefnd.



KOLAPORTIÐ

OPIÐ

um helgina  
og 17. júní  
frá kl. 11-17

www.kolaportid.is

## DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

**Óskað er eftir tilnefningum til viðurkenninga umhverfis- og auðlindaráðuneytisins**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir tilnefningum til tvenna verðlauna sem afhent verða á Degi íslenskrar náttúru, 16. september næstkomandi.

**Fjölmíðlaverðlaun** umhverfis- og auðlindaráðuneytisins verða veitt fjölmíðli, ritstjórn, blaða- eða fréttamanni, dagskrárgerðarfólki eða ljósmyndara sem hafa skarað fram úr með umfjöllun sinni um íslenska náttúru. Til greina koma einstök verkefni eða heildarumfjöllun um íslenska náttúru.

**Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti** verður veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skal senda fyrir **16. ágúst 2013** á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, eða á netfangið [postur@uar.is](mailto:postur@uar.is)

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Vissir þú að...

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt  
að leika sér

## Mat 86,9% fasteigna hækkar um áramót

Nýtt fasteignamat var kynnt af Þjóðskrá í gær. Meðalhækkun matsins er 4,4% en íbúðarhúsnæði hækkar örlítið meira að jafnaði en atvinnuhúsnæði. Mest hækkun er á mati eigna í Strandabyggð og Vestmannaeyjum en það lækkar í Reykjanesbæ og Grindavík.

**EFNAHAGSMÁL** Þjóðskrá Íslands kynnti í gær nýtt fasteignamat sem tekur gildi um áramótin. Heildarmat fasteigna á landinu hækkar um 4,3% frá yfirstandandi ári og verður 4.956 milljarðar króna. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar fasteignamatið um 4,4% en mest hækkun er á Suðurlandi.

„Heildarfasteignamatið hækkar um 4,4% en svo eru alltaf sveitarfélög og hverfi sem hækka meira en önnur. Sé litið á íbúðarhúsnæði er þróunin ekki jafn skýr og stundum áður. Við sjáum að fasteignamatið hækkar talsvert í nýjum hverfum eins og Norðlingaholti og Leirvogstungu í Mosfellsbæ en svo hækkar það einnig mikið í hverfum miðsvæðis,“ segir Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár.


Í nýja matinu hækkar mat 86,9% eigna á landinu en mat 13,1% eigna lækkar. Breyting á fasteignamati 90% eigna er á bilinu 0 til 15%. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar matsverð íbúa í fjölbýli meira en mat íbúa í sérbylí en utan höfuðborgarsvæðisins er þessu öfugt farið. Þá hækkar frístundahúsnæði að jafnaði mest eða um 9,2%.

Sé litið til einstakra sveitarfélaga hækkar fasteignamatið mest í Strandabyggð, um 16,3% og í Vestmannaeyjum, 10,1%. Fasteignamatið lækkar hins vegar um 0,6% í Reykjanesbæ og um 0,3% í Grindavík.

Á höfuðborgarsvæðinu hækkar fasteignamat hverfa miðsvæðis að jafnaði meira en þeirra sem eru á jaðri svæðisins. Mest hækkar fasteignamatið þó í Garðabæ og á Arnarnesi eða um 13,8% og um 12,8% í Norðlingaholti. Þá hækkar

### Breyting á fasteignamati

Heildarmat fasteigna á landinu hækkar um 4,3 prósent um áramótin.



„Við sjáum að fasteignamatið hækkar talsvert í nýjum hverfum eins og Norðlingaholti og Leirvogstungu í Mosfellsbæ en svo hækkar það einnig mikið í hverfum miðsvæðis.“

Margrét Hauksdóttir  
forstjóri Þjóðskrár

matið um 7% í Hlíðunum og um 6,4% í Skerjafirði. Minnst er hækkunin í Árbæ, eða um 1%, og þá lækkar það lítillega í Ártúns-

holti og Höfðum, vestan Hraunholtsbrautar í Garðabæ, í Seláshverfi og í Blesugróf.

Þegar litið er til atvinnuhúsnæðis er hækkunin mjög jöfn á landinu öllu, eða 4,1%. Alls tekur matið til 125.700 íbúðareigna en heildarfjöldi fasteigna á Íslandi er 188.000. Er þær metnar á samtals 4.956 milljarða.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á fasteignamatið. Má þar nefna staðsetningu fasteignar, stærð hennar, fjölda herbergja og hæða, byggingarár og fjölda íbúa í húsi. Breytingar á fasteignamati hafa töluvert að segja fyrir sveitarfélög þar sem skattar eru lagðir á fasteignir eftir matinu. Nálgaust má upplýsingar um mat eigin fasteignar á vefsíðunni Island.is.

magnus@frettabladid.is

Páll Óskar og fleiri troða upp á tónleikum á Austurvelli til bjargar Nasa:

## Borginni finnst hótél „brilljant“

**SKIPULAGSMÁL** Baráttutónleikar verða haldnir á Austurvelli á morgun þar sem niðurrifi Nasa og byggingu risahótels verður mótmælt.

Tónleikarnir, sem hefjast klukkan 14, eru á vegum BIN-hópsins svokallaða, og meðal þeirra sem koma munu fram eru Ágústa Eva, Daníel Ágúst, Raggi Bjarna, Högni Egilsson og Páll Óskar.

Páll Óskar segir engan vilja fyrir því af hálfu borgaryfirvalda að breyta byggingaráformunum.

„Borgaryfirvöld hafa gefið skýra yfirlýsingu um að þau elski bara þessa hótélhugmynd. Þeim finnst þetta Brilljant. Allar aðrar hugmyndir hafa ekki einu sinni fengið hljómgrunn hjá þeim.“

Páll segir borgaryfirvöld hafa gert allt sem í þeirra valdi standi til þess að greiða götu húseigandans.

„Ég er bara alveg gáttaður á því. Hvers vegna eru borgaryfirvöld ekki meira í liði með almenningi sem hefur hatrammlega mótmælt þessum



**NASA VIÐ AUSTURVÖLL** Þetta hús er býsna umdeilt.

áformum? Sautján þúsund manns hafa skrifað undir mótmæli á Ekki.is, þar af hafa tvö hundruð tónlistarmenn skrifað undir og athugasemdamen hafa rignt inn. Til hvers er íbúalýðræði ef það er ekki hlustað á það?“

- hva



PÁLL ÓSKAR  
HJÁLMTÝSSON



# TAX FREE

# DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM DÖMU- OG  
HERRAFATNAÐI  
13.-17. JÚNÍ



\*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 17. júní.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

Katrín Oddsdóttir lögfræðingur og Heiðar snyrtir hafa ólíkar skoðanir á fegurðarsamkeppni:

# Úrelt fyrirbæri, útlitsdýrkun eða einstakt tækifæri?

## ER FEGURÐAR-SAMKEPPNIR RÉTTMÆTAR?

Fegurðarsamkeppnin Ungfrú Ísland verður endurvakin í ár. Skiptar skoðanir eru um réttmæti slíkrar keppni og fólk er almennt klofið í afstöðu sinnar til hennar.

olof@frettabladid.is

„Ég er jafnréttissinni, en mér finnst við ekki mega verða algjörlega kynlaus. Það er í lagi að girnast annað fólk.“

## TÆKIFÆRI OG FERÐALÖG

Heiðar Jónsson snyrtir er fullviss um réttmæti fegurðarsamkeppna. Hann segir tækifæri sem opnast fyrir vinningshöfum gífurleg. „Ég get nefnt mörg dæmi þess að stelpur hljóti tækifæri eftir að sigra og taka þátt í svona keppnum. Þetta fá ekki allir að upplifa.“ Heiðar segir jafnframt að það sé skiljanlegt að stúlkur sem hafi óraunhæfar hugmyndir um útlit sitt verði fyrir vonbrigðum í slíkum keppnum. „Þetta er ekki fyrir alla auðvitað. Ég er jafnréttissinni, en mér finnst við ekki mega verða algjörlega kynlaus. Það er í lagi að girnast annað fólk. Það finnst mér allavega,“ segir Heiðar kíminn.



## HLUTI AF ÚTLITSDÝRKUN



Katrín Oddsdóttir mannréttindalögfræðingur „Ég er fegurðardrottning og ég brosi í gegnum tárin. Tárin grundvallast mögulega á geðhræringu vegna sigurs eða vegna vannæringar, ofurálags, streitu og kvíða yfir því að ég standi á sundbol fyrir framan fjölda manns sem leggur á mig mat eins og nautgrip út frá útliti mínu,“ segir Katrín Oddsdóttir, sem sjálf hefur sótt um þátttöku í keppninni umdeildu. „Ég tel að fegurðarsamkeppnir séu úrelt fyrirbæri og hluti af útlitsdýrkandi áherslum sem valdi konum oft sársauka og misrétti. Þrátt fyrir þessi orð mín tel ég þá sem dæma þátttakendur sem vitlausu hafa rangt fyrir sér,“ segir Katrín jafnframt.

„Ég tel að fegurðarsamkeppnir séu úrelt fyrirbæri og hluti af útlitsdýrkandi áherslum sem valdi konum gjarnan sársauka og misrétti.“



SKÓGARBJÖRN Svangir bangsar gerðu usla. NORDICPHOTOS/GETTY

Tjón hjá býflugnabónda:

## Bangsar stela hunanginu

**SVÍPJÓÐ** Býflugnaræktandinn Lars Höglund í Landtjarn fyrir utan Hárnösand í Svíþjóð er alveg að gefast upp, að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter. Undanfarin tvö ræktunartímabil hafa skógarbirnir í hunangsleit valdið skemmdum á býflugnabúum hans fyrir jafngildi tæpra þrettán milljóna íslenskra króna.

Býflugnabú Höglunds eru meðal þeirra stærstu í Svíþjóð og úr hverju býflugnasamfélagi fást allt að fimmtíu kíló af hunangi á venjulegu ári. Talið er að tveir birnir hafi eyðilaggt þrjátíu af áttatíu búum hans. Höglund vill að birnirnir verði felldir en yfirvöld hafa neitað beiðni hans um bjarndýraveiðar í verndunarskyni.

- ibs

# Obama sendir hergögn til uppreisnarhópa í Sýrlandi

Bandaríkin fyrirhuga hernaðaraðstoð við sýrlenskra uppreisnarhópa. Ákvörðunin er byggð á meintri beitingu efnavopna af hálfu sýrlenskra stjórnvalda. Þar í landi er ásökunum vísað á bug og þær sagðar fyrirsláttur.

**BANDARÍKIN** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur ákveðið að veita uppreisnarhópum í Sýrlandi beina hernaðaraðstoð þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar sínar um að gera það ekki. Markar þetta stefnubreytingu í þátttöku Bandaríkjamanna í borgarastyrjöldinni, sem hefur staðið í tvö ár, en þeir halda því fram að þeir hafi áreiðanlegar heimildir fyrir því að efnavopnum hafi verið beitt af sýrlenskum stjórnvöldum og valdið dauða 100 til 150 manns. Barack Obama segir þessa beitingu efnavopna hafa gerbreytt stefnu sinni en bandarísk stjórnvöld höfðu áður aðeins veitt sýrlenskum uppreisnarmönnum aðstoð í formi herþjálfunar og sent til þeirra mat- og lyfjabirgðir.

Sýrlensk stjórnvöld sendu frá sér yfirlýsingu á föstudag þar sem kom fram að áskanir bandarískra stjórnvalda væru byggðar á lygum og var því haldið fram að Obama notaði ósannar upplýsingar í því skyni að réttlæta hernaðaraðstoðina. Rússnesk stjórnvöld taka í sama streng en Yuri Ushakov, aðstoðarmaður Putins í utanríkismálum, segir gögn bandarískra stjórnvalda ekki sannfærandi. Hann segir jafnframt að hernaðaraðstoð sem þessi gæti haft neikvæð áhrif á tilraunir til friðarviðræðna milli hinna stríðandi fylkinga. Sameinuðu þjóðirnar sögðu fyrr í vikunni að 93.000 manns hefðu nú látist í borgarastyrjöldinni.

nannae@365.is



ÁTÖK Í SÝRLANDI Sýrlenskir uppreisnarhópar þiggja hernaðaraðstoð frá Bandaríkjamönnum. Sameinuðu þjóðirnar segja 93.000 manns hafa látið lífið í borgarastyrjöldinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Leiðbeinendurnir eru í góðum tengslum við atvinnulífið sem gerir námsefnið, dæmin og verkefnið raunhæf og gagnýt.“

**Porgerður Práinsdóttir,**  
forstöðumaður verslana- og markaðssviðs Lyfju.

## PMD-STJÓRNENDANÁM HR

Programme for Management Development

Námsbraut fyrir stjórnendur sem vilja bæta menntun sína og hæfni samhliða vinnu án þess að skuldbinda sig til langtímanáms.

Námið er hannað að alþjóðlegri fyrirmynd og lagað að íslenskum aðstæðum. Sérfræðingar og samstarfsaðilar Háskólans í Reykjavík sjá um kennsluna sem er byggð að miklu leyti á gagnýtum verkefnum.

Kennt er í lotum með fjögurra vikna millibili á fimmtudegi og föstudegi. Námið hefst þann 19. september 2013 og lýkur 21. mars 2014.

### NÁMSLOTUR:

- Forysta til framfara
- Stefnumótun og stjórnun breytinga
- Stefnumiðuð mannauðsstjórnun
- Rekstur og verðmætasköpun
- Árangur á markaði
- Verkefnastjórnun og samningatækni



opnihaskolinn.is

opnihaskolinn@opnihaskolinn.is

Sími 599 6200



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



BYRJAÐUR Landsbankinn hefur ekki viljað byrja endurreikninginn fyrr en nýlega.

Landsbankinn byrjar að endurreikna gengislán:

## Endurreikningi lokið að mestu á þessu ári

**SKULDAMÁL** Landsbankinn hefur nú hafið endurreikning á meginþorra ólögmeðra gengistryggðra lána. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bankanum í gær.

Landsbankinn var eini stóri bankinn sem enn var ekki byrjaður að endurreikna lánin. Þar á bæ var borið við réttaróvissu, þar til dómur féll í Hæstarétti í lok maí í máli Plastiðjunnar gegn bankanum.

Um tugi þúsunda lána er að ræða og verða þau endurreiknuð í áföngum. Í tilkynningunni segir að innan bankans sé vonast til að hægt verði að ljúka endurreikningum að mestu fyrir áramót.

- sh

### Nokkrir áfangar

- Vinnu við útreikning stórs hluta fasteignalána er þegar lokið.
- Fyrstu endurútreikningar á bílálánum verða birtir viðskiptavinum í byrjun júlí.
- Útreikningar vegna leiðréttingar annarra lána en fasteigna- og bílálána verða birtir strax í þessum mánuði.
- „Innan tíðar“ mun bankinn hefjast handa við leiðréttingu fyrirtækjalána.





## Til hamingju!

Johan Rönning, Landmælingar Íslands, Deloitte, KPMG og Logos hafa nú bæst í hóp þeirra sem hlotið hafa Jafnlaunavottun VR. Hjá þessum fyrirtækjum er enginn óútskýrður launamunur milli karla og kvenna.

Við óskum þeim til hamingju með áfangann og bjóðum þau velkomin í samfélag jafnlaunavottaðra fyrirtækja.

JAFNLAUNA-  
VOTTUN VR



Óútskýrður launamunur kynjanna innan VR er nú 9,4%. Með Jafnlaunavottun VR geta fyrirtæki látið gera úttekt á því hvort innan þeirra veggja sé verið að greiða misjöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. **Leiðréttum launamun kynjanna.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

[jafnlaunavottun.vr.is](http://jafnlaunavottun.vr.is)

VR



ANDERS BEHRING BREIVIK

Dæmdur í Danmörku:

## Sagðist elska Anders Breivik

**DANMÖRK** Norskur karlmaður, búsettur í Vejle í Danmörku, fékk í gær tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir stuðningsfyrirlysingar við fjöldamorðingjann Anders Behring Breivik.

„Við elskum þig Anders Breivik,“ skrifaði maðurinn á Facebook-vegg Breiviks, eftir sprenginguna í Osló og fjöldamorðin í Útey fyrir tæpum tveimur árum.

Fram kemur í frétt Berlingske að hann sendi Breivik einnig SMS-skilaboð um hádegisbil daginn sem ódæðin voru framin. Það vakti grun um að maðurinn ynni með Breivik. Það þótti hins vegar ekki sannað. - þj

Nýjar tölur frá Eurostat:

## Vinnandi fer fækkandi í ESB

**EVRÓPA** Vinnandi fólki fækkadi í ríkjum ESB á fyrsta fjórðungi þessa árs, hvort sem miðað er við ársfjórðunginn á undan, eða sama tíma í fyrra. Þetta segir í tölum frá Eurostat.

Alls voru 221,9 milljónir manna í vinnu í ESB á fyrsta fjórðungi í ár. Það jafngildir 0,2% fækkun miðað við síðasta ársfjórðung og 0,4% miðað við fyrsta ársfjórðung í fyrra.

Atvinnuleysi í ESB var 12,2% í apríl í ár, en það hefur aukist stöðugt frá byrjun árs 2011. - þj

# Stórt skref í átt að sjálfbærni

Sérfræðingur í fiskveiðistefnu ESB segir að grundvallarbreytingar hafi verið gerðar með nýsamþykktum breytingum. Stefnt sé að sjálfbærni veiða, brottkast bannað í áföngum og aðildarríkin fá meiru ráðið.

**SJÁVARÚTVEGUR** Eftir margra ára þref hafa aðildarríki ESB loks náð saman um breytingar á sameiginlegu fiskveiðistefnunni. Ráðherraráðið og Evrópuþingið sættust fyrir síðustu mánaðamót á heildarpakka, sem er miðaður að því að tryggja sjálfbærni fiskveiða eftir mikla ofveiði úr stofnum ESB um árabil. Breytingarnar verða að öllum líkindum staðfestar í lok mánaðarins og taka gildi í upphafi næsta árs.

Ole Poulsen, helsti sérfræðingur Dana í sjávarútvegsmálum, var staddur hér á landi í vikunni til að kynna breytingarnar, en Poulsen leiddi endurskoðunarstarfið í ráðherraráðinu á meðan Danir höfðu þar forsæti á síðasta ári. Hann segir þetta marka tímamót fyrir sjávarútveg í Evrópu.

„Þetta er sannarlega stórt skref. Við höfum áður leitt í gegn breytingar á stefnunni, en þetta eru mun meiri grundvallarbreytingar en hingað til. Það sem munar mest um er að stefnan er unnin út frá sjónarmiðum vistkerfisins, bannar brottkast og eykur svæðanálgu.“

Poulsen segir að erfiðasti hjallinn í umbótaferlinu hafi verið að fá aðildarríkin til að samþykkja bann við brottkasti. En af hverju er slíkt umdeilt?

„Það er erfitt í framkvæmd vegna þess að skipum verður nú gert að tilkynna allan sinn afla og eiga heimildir fyrir honum. Því þurfti að koma upp kerfi með úrræði sem hægt væri að nota til að bregðast við því ef ekki væri til kvóti fyrir meðaflum.“

Meðal þeirra úrræða sem Poulsen á við er að meðafla mætti að hluta til draga af heimildum í þeirri tegund sem ætlað var að veiða, en þau tilfelli verða metin hvert fyrir sig.



Í ÁTT TIL SJÁLFBÆRNI Aðildarríki ESB hafa komið sér saman um breytingar á fiskveiðistefnu sambandsins. Sjávarútvegsgeirinn í ESB hefur um langa hríð einkenst af ofveiði.

Annað meginatriði í breytingunum er að vald verður í auknum mæli fært frá Brussel til aðildarríkjanna.

„Á vettvangi ESB er gerð almenn löggjöf sem ríkin sjá um að framfylgja með ítarlegri hætti. Aðildarríki innan ákveðins svæðis geta þá komið sér saman um tillögur um innleiðingu ESB-reglna.“

Poulsen tekur sem dæmi heimildir til framsals aflaheimilda. Framkvæmdastjórnin hafi talað fyrir því að skylda aðildarríkin til að hafa slíkan hátt á, þar sem viðhorfið þar



OLE POULSEN

## 23% afla hent aftur í sjóinn

- Eins og sakir standa er veitt of mikið úr 68% allra fiskistofna ESB, þar á meðal 80% í Miðjarðarhafinu.
- Talið er að um 23% af öllum fiskafli í ESB-ríkjum sé hent í sjóinn aftur, en nýju löginn gera ráð fyrir því að slíkt verði bannað í áföngum á næstu þremur árum.
- Poulsen hefur talað á opnum kynningarfundum á Stykkishólmi, í Vestmannaeyjum og Reykjavík síðustu daga, auk þess sem hann hefur hitt fólk úr stjórnsýslunni og sjávarútvegsgeiranum.

á bæ hafi verið að það fyrirkomulag myndi vinna gegn ofveiði. Það náði hins vegar ekki í gegn, en hverju ríki er þó frjálst að hafa veiðheimildir framseljanlegar.

Hann segir aðspurður að í þessu ferli megi segja að vísindin hafi

tekið við af pólitík hvað varðar stjórn fiskveiða í ESB.

„Það er engar ýkjur, því að nú er alveg ljóst að ákvörðun veiðheimilda verður að fylgja vísindalegum forsendum til að tryggja sjálfbærni.“



## Nýdoktorastyrkir Háskóla Íslands

Háskóli Íslands auglýsir tíu nýdoktorastyrki sem ætlaðir eru vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og verða þeir veittir til allt að þriggja ára. Miðað er við að að minnsta kosti einn nýdoktor verði styrktur til starfa á sérhverju fræðasviði Háskóla Íslands. Sérstök stjórn skipuð af rektor, með fulltrúum allra fræðasviða, annast mat og forgangsroðun umsókna.

Við mat á umsóknum er fyrst og fremst farið eftir rannsóknáformum, rannsóknáætlun og ritvirkni umsækjanda. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting, frá fræðasviði, deild eða stofnun við Háskóla Íslands, á að umsækjandi njóti fullnægjandi aðstöðu og hafi aðgang að búnaði til að stunda fyrirhugaðar rannsóknir eftir því sem við á. Einnig skal umsækjandi senda með afrit af doktorsprófskríteini.

Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst 2013.

Miðað er við að styrkþegar hefji störf eigi síðar en 1. janúar 2014.

Nánari upplýsingar, þ.á m. um ofangreinda staðfestingu á aðstöðu, veitir Sólveig Nielsen, vísinda- og nýsköpunarsviði solveign@hi.is.

Nánari upplýsingar á [www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf) og [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



STYDJIA SNOWDEN Flugfélögum hefur verið bannað að hleypa Edward Snowden um borð í vélar til Bretlands. Hann nýtur þó víða stuðnings fyrir uppljóstranir sínar.

NORDICPHOTOS/AFP

Bresk stjórnvöld vilja ekki fá Snowden til landsins:

## Sekt fyrir að fljúga með uppljóstrara

**BRETLAND, AP** Flugfélög um allan heim gætu átt yfir höfði sér sekt ef þau hleypa Edward Snowden, sem lak upplýsingum um eftirlit bandarískra stjórnvalda á síma- og netnotkun, um borð í vél til Bretlands.

Bresk stjórnvöld gáfu út viðvörn þess efnis fyrr í vikunni, og til-taka að Snowden verði líklega neitad um landvistarleyfi við komuna til landsins. Viðkomandi flugfélag gæti þurft að greiða sekt upp á allt að 2.000 sterlingspund.

Snowden, sem starfaði hjá leyniþjónustu Bandaríkjanna, er enn talinn vera í Hong Kong. Hann hefur

ekki verið ákærður fyrir glæp og engin handtökuskipun hefur verið gefin út á hendur honum.

Ef fleiri lönd fylgja fordæmi Bretlands gæti farið að þrengja að Snowden, sérstaklega ef hann fengi ekki hæli í Hong Kong.

Kínversk stjórnvöld hafa ekki tjáð sig um mál hans, en fjölmiðlar þar í landi, nátengdir kommúnistaflokknum, hafa velt því upp hvort ekki væri fengur í því fyrir Kína að halda Snowden í landinu, frekar en að rekja hann á brott, og fá þannig frá honum enn frekari upplýsingar. - þj

ADRIA®

PPAKTIVNA • SA • 131821



# FRELSIÐ FYLGIR

Nýjum Adria hjólhýsum hjá Ellingsen fylgir **SYM Fiddle II létt-bifhjól** að verðmæti 385.000 kr. meðan byrgðir endast. Njóttu aukins frelsis á ferðum þínum um landið!



**ADRIA ADORA 472 LU**  
EIGIN ÞYNGD: 1.075 KG  
TRUMA MIÐSTÖÐ.

**4.350.000 KR.**



**ADRIA ADORA 462 PU**  
EIGIN ÞYNGD: 1.040 KG  
TRUMA MIÐSTÖÐ.

**4.300.000 KR.**



**ADRIA ALPINA 663 UK**  
EIGIN ÞYNGD: 1.660 KG  
ALDE MIÐSTÖÐVARKERFI  
MEÐ GÓLFHITA.

**5.990.000 KR.**



**ADRIA ALPINA 563 LU**  
EIGIN ÞYNGD: 1.560 KG  
ALDE MIÐSTÖÐVARKERFI  
MEÐ GÓLFHITA.

**5.750.000 KR.**

Í 45 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum og lagt jafna áherslu á hönnun og þægindi. Farartækin eru í hæsta gæðaflokki, búin öllum helstu tækninýjungum og þrautreynd við íslenskar aðstæður.



**ADRIA ADORA 512 UP**  
EIGIN ÞYNGD: 1.145 KG  
TRUMA MIÐSTÖÐ.

**4.490.000 KR.**



**ADRIA ACTION 361 PD**  
EIGIN ÞYNGD: 740 KG  
TRUMA MIÐSTÖÐ.

**3.890.000 KR.**




**SÖLUMENN  
Í SAMNINGA-  
STUÐI!**

Heitt á könnunni




ALLT AÐ  
**75%**  
FJÁRMÖGNUN

 **Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörunar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)

 **Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## LANDIÐ



## Í samkeppni um siglingar

**1 VESTMANNAEYJAR** Útlit er fyrir að samkeppni verði um siglingar í Landeyjahöfn næsta vetur, en ferðabjónusta í Eyjum hefur fengið leyfi fyrir siglingum þangað. Sigurmundur Gísli Einarsson, eigandi Viking Tours, segir í samtali við Eyjafréttir að hann hafi keypt nýjan bát til siglinganna. Hann hyggst flytja 94 farþega í einu og vera með sjoppu um borð. Bílar verða ekki fluttir með nýja bátinum, sem mun heita Víkingur. Sigurmundur segist með þessu vera að auka þjónustu við Vestmannaeyinga en ekki síður við þá fjölmörgu ferðamenn sem vilji sækja Eyjar heim allt árið.



## Ekki gert við flugvöllinn

**2 PINGEYRI** Flugbrautin á Pingeयरarflugvelli skemmdist í vetur og hefur verið lokað frá því í mars. Frostlyfting olli því að klæðning flugbrautarinnar hafði skriðið undan lendingarhjólum flugvéla og brotnað upp á kafla. Völlurinn er notaður sem varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarvöll og var endurbættur fyrir 182 milljónir árið 2006. Að sögn Isavia eru engar fjárveitingar til að laga völinn, en flugbrautin verður völtuð og völlurinn notaður áfram. Þetta kemur fram á BB.is.

## Pung umferð á Bíladaga

**3 AKUREYRI** Bíladagar fara fram á Akureyri um helgina og hóf lögreglan á Akureyri aukið eftirlit á vegum í gær. Mikil umferð var norður í land í gær og tugir ökumanna voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur.

## Kossamótmæli fyrir utan rússneska sendiráðið



**LAGASETNING RÚSSA VERÐI FORDÆMD** Friðsöm mótmæli fóru fram við rússneska sendiráðið síðdegis í gær af því tilefni að rússnesk stjórnvöld hafa samþykkt lög sem banna „áróður“ fyrir samkynhneigð. Samtökin 78 stóðu fyrir þessum óhefðbundnu mótmælum og fara þau þess á leit við ríkisstjórn Íslands að hún fordæmi lagasetninguna opinberlega og grípi til áþreifanlegra aðgerða til að beita rússnesk stjórnvöld þrýstingi í málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



BMW

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure

## ÞETTA ER BÍLLINN SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SKOÐA.

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW xDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

**DÍSIL xDRIVE 1,8d – 143 HESTÖFL**  
**5,5 L/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI.**

VERÐ FRÁ 6.090.000

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

# ★ SUMARHÁTÍÐ ★



FJÖLSKYLDUHAÁTÍÐ Í HÖLLINNI  
LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ FRÁ KL. 12<sup>00</sup>

## Á PLANINU

KL. 12-15 BLÖDRUGERÐ  
KL. 13-16 ANDLITSMÁLUN

FÓTBOLTA SKOTHRADAMÆLING  
FÓT- OG KÖRFUBOLTA SKOTÞRAUT

KYNNIR ER  
BJARNI  
TÖFRAMAÐUR

## Á SVIDINU

KL. 13 SKOPPA OG SKRÍTLA  
KL. 14 LATIBÆR  
KL. 15 TRÚÐURINN WALLY  
KL. 16 FRÍÐRIK DÓR

GRILL OG  
VEITINGAR Á  
MILLI KLUKKAN  
12<sup>00</sup>-15<sup>00</sup>

PYLSUR OG BRAUÐ Í BODI GÖÐA OG MYLLUNNAR – LAMBAKJÖT Í BODI LAMBAKJÖT.IS – ÍS Í BODI EMMESSÍS – SAFI Í BODI YIPPI – COS Í BODI VÍFILFELLS



TILBOÐ Á VÖLDUM VÖRUM HJÁ ÖLLUM VERSLUNUM Í TÍLEFNI DAGSINS

# AFSLÁTTUR FRÁ 20%



OPNUNARTILBOÐ



Brúnt leður



Svart leður



Hvítt leður

ANDREW  
BORÐSTOFUSTÓLL

13.990

FULLT VERÐ: 19.990



Stærð: 345 x 255 cm  
H. 85 cm. Litur dökk- og ljósgrátt. Hægri eða vinsti tunga

FJÖLSKYLDUSÓFINN

NÝR  
HORNSÓFI  
MEÐ TUNGU  
OPNUNAR-  
TILBOÐ

AÐEINS  
34.664  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

MERIDEN  
HORNSÓFI

349.990

FULLT VERÐ: 399.990

AÐEINS  
17.414  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

DURANGO  
HORN- TUNGUSÓFI

199.990

FULLT VERÐ: 269.990



Stærð: 273x199 H81,5 cm cm.  
Hægri eða vinsti tunga. Dökkgrætt slitsterkt áklæði.

OPNUNARTILBOÐ

OPNUNARTILBOÐ



Pokagormar í sessum. Hægri eða vinstri tunga.  
Stærð: 310x240 H: 88 cm. Slitsterkt grátt áklæði.

AÐEINS  
28.627  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

OREGON  
HORNSÓFI M. TUNGU

329.990

FULLT VERÐ: 379.990



Svart bonded leður. Einnig til í áklæði.

CLUB  
HÆGINDASTÓLL

39.990

FULLT VERÐ: 49.990



Rautt slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur fjólublár eða svartur.

TUB  
HÆGINDASTÓLL

39.990

FULLT VERÐ: 59.990

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ



OPNUNARTILBOÐ

20%

AFSLÁTTUR AF ALLRI  
SMÁVÖRU TIL 17. JÚNÍ




FAMILY RULES  
Help Each Other  
BE THANKFUL  
Know you are loved  
Try new Things  
BE HAPPY  
Show Compassion  
Be Grateful  
DREAM BIG  
respect one another  
Laugh Out Loud



LÍF OG FJÖR Á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)

og með vinum okkar á [facebook](https://www.facebook.com)

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 · Reykjavík · OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 OG



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ  
Í HÖLLINI RVK  
LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ  
FRÁ KL. 12<sup>00</sup>

LAZBOY®

OPNUNARTILBOÐ

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR  
VIÐTÖKUR VIÐ OPNUN  
HÚSGAGNAHALLARINNAR  
Á AKUREYRI

20.000 KRÓNA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LAZBOY STÓLUM TIL 17. JÚNÍ

MEST SELDI  
HÆGINDASTÓLL  
Í HEIMI



EDEN

Lazboy. Rautt áklæði.  
B:80 D:80 H:102 cm.

99.990

FULLT VERÐ: 119.990

AÐEINS  
8.789  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

ASPEN

Lazboy. Svart, brúnt eða vín-  
rautt leður. B:80 D:85 H:102cm.

139.990

FULLT VERÐ: 159.990

AÐEINS  
12.239  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.



ASPEN ER  
EINNIG TIL Í  
FJÖLMÖRGUM  
LITUM Í ÁKLÆÐI.  
TILBOÐSVERÐ  
89.990

BORÐSTOFUSTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Allar vöru- og verðupplýsingar birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Dyrnar að Evrópusambandsaðild geta lokazt:

## Hversu langt hlé?

**G**unnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra gekk í fyrradag á fund Stefans Füle, stækkunarstjóra Evrópusambandsins, og greindi honum frá þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera hlé á aðildarviðræðunum við Evrópusambandið.

Ummæli Fúles á blaðamannafundi eftir viðræðurnar við utanríkisráðherrann hljóta að vekja athygli af tveimur ástæðum.

Annars vegar ítrekaði hann að afstaða Evrópusambandsins um að hægt væri að halda áfram og ljúka aðildarviðræðum við Ísland væri óbreytt og ákvarðanir þar um í fullu gildi. „Við höfum ekki aðeins viljann, heldur einnig getuna til að ljúka viðræðunum,“ sagði Füle.



**Ólafur P. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Nær því verður ekki komizt að segja á diplómatamáli að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafi verið að bulla þegar hann vitnaði til samtala sinna um aðildarviðræðurnar við ónafngreinda heimildarmenn í ESB-ríkjum og dró af þeim þá ályktun að ESB virtist „skorta getu eða vilja til að ljúka þeim á næstu árum“.

Hins vegar sagði Füle að það væru gagnkvæmir hagsmunir Evrópusambandsins og Íslands að ákvörðun um framhald viðræðna væri tekin að lokinni hæfilegri skoðun. Hins vegar væri það líka allra hagur að ákvörðunin væri ekki án tímamarka.

Þetta eru diplómatískt orðuð skilaboð um að viðræðuhléið geti ekki orðið of langt.

Evrópusambandið sýnir því skilning að ríki vilji fara sér hægt í aðildarviðræðnum vegna tímabundinna kringumstæðna, en hefur auðvitað ekki áhuga á að láta draga sig á asnaeyrunum, fremur en aðrir sem standa í samningaviðræðum.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, sagði í viðtali við Fréttablaðið í marz síðastliðnum að yrði viðræðunum slitið kynni að verða erfitt að taka þær upp aftur.

„Það hefðbundna er að þegar aðildarviðræður eru teknar upp, þá er þeim lokið – það fæst niðurstaða sem er lögð í dóm fólksins í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er vaninn. Ég held að við höfum engin dæmi um annað. Ég held að það yrði erfitt að halda áfram síðar, því þá gæti verið komin upp sú staða innan ESB að menn spyrðu sig að því hvort Íslendingar viti hvað þeir eru að gera. Ég held að það gæti gerst,“ sagði Bildt þá.

Nú er það auðvitað svo að aðildarviðræðunum hefur ekki verið slitið, heldur gert á þeim hlé. Ákvörðun Alþingis um að sækja um aðild að ESB stendur enn. Ísland hefur áfram formlega stöðu umsóknarríkis, með ýmsum réttindum sem því fylgja, þar með töldum aðlögunarstærkjum sem ríkisstjórnin hefur reyndar ekki svarað hvort hún hyggst þiggja áfram eða afþakka.

Þannig er órlítill rífa á dyrnum að ESB-aðild og nýjum gjaldmiðli þjóðarinnar haldið opinni. En glufan getur lokazt ef beðið er of lengi. Það væri afleitt, kæmust menn til dæmis að þeirri niðurstöðu í lok kjörtímabils að fullreynt sé að ætla að notast við krónuna sem framtíðargjaldmiðil.

Öll rök hniga að því að hléið eigi ekki að verða of langt, heldur eigi þjóðin sem fyrst að fá að svara því hvort hún vilji halda aðildarviðræðunum áfram – eins og ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu báðir fyrir kosningar.

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

### Tvær stefnuræður og ein í þungavigt

**N**ýtt kjörtímabil hófst með tveimur stefnuræðum. Forseti Íslands flutti þá fyrri á þingsetningarfundinum; rétt eins og drottningin í breska þinginu. Hæpið er að staðhæfa að sú uppákoma hafi verið tilraun til að breyta stjórnskipun landsins.

Nær lagi er að líta svo á að með henni hafi forsetinn aðeins verið að slá í gadda að utanríkisráðgjafinum og þeim lykilatriðum í efnahagsstefnunni sem af henni leiða er ráðið til lykta á Bessastöðum meðan þessi ríkisstjórn situr. Ríkari ástæða er til að áfella ríkisstjórnina en forsetann fyrir þessa afkáralegu stöðu.



Forsætisráðherra flutti síðari stefnuræðuna í samræmi við þingsköp. Hún er bundin ákveðnum formreglum og hefðum. Fyrir vikið er ekki sannað fyrir að bera hana saman við aðrar ræður sem fluttar eru í framhaldinu.

Eina nýmælið í stefnuræðunni var tilkynning um að setja kosningaloforð Framsóknarflokksins í húsnæðismálum í þingsályktun. Ekkert er að því að hafa þann hátt á. En augljóst er öllum

sem til þekkja að ástæðan er aðeins sú að það er eina leiðin til að láta líta svo út að strax hafi verið hafist handa við að efna loforðin. En til-lagan staðfestir að ríkisstjórnin veit ekki enn hvernig á að fara að því. Að því leyti sýnir hún veikleika.

Það var fjármálaráðherrann sem flutti þungavigtarboðskapinn í stefnumæðunni á Alþingi. Þar kom fram skýr og ákveðinn boðskapur um hallalaus fjárlög, stöðugleika og samstarf við aðila vinnu-markaðarins. Orð hans um höftin og viðskiptafrelsið voru af sama toga. Engum gat dulist að metnaður og rík ábyrgðartilfinning bjó þar að baki.

### Snöggu blettirnir

**V**andi fjármálaráðherrans liggur einkum í tvennu: Annars vegar er mjög flókið að skýra út hvernig loforð Framsóknarflokksins ríma við hallalaus fjárlög og stöðugleika. Hins vegar er það nokkur þraut að sannfæra menn um að til lengri tíma sé unnt að viðhalda stöðugleika og fullu viðskiptafrelsi um leið og öllum öðrum gjaldmiðilskostum en krónunni er hafnað. Síðasti landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafði til að mynda ekki trú á því; var þröngsýni þó ekki í banni þar.

Eftir úrslit kosninganna eru leiðtogar fyrirverandi ríkisstjórnarflokka málefnalega í fjötrum. Þeir þurfa að vinna til trausts á ný. Málflutningur þeirra í stefnumæðunni bendir til að þeir átti sig á þeim vanda þó að þeir nefni snögga bletti sem þeir þykjast sjá. Það er hlutverk stjórnarandstöðu á hverjum tíma.

VG telur augljóslega að umhverfismálin séu líklegust til að endurheimta traustið. Efnahagsmálin eru ekki þeirra sterka hlið.

Formaður Samfylkingarinnar vék meðal annars í hófsamri og stuttri athugasemd að þeirri hættu sem liggur í þjóðernismálflutningi Framsóknarflokksins.

Markmið með honum er ekki að sameina heldur að skilja í sundur. Þeir einir eru álitnir góðir Íslendingar sem aðhyllast þröngsýna afstöðu forsetans í utanríkismálum. Sagan geymir of mörg dæmi um ógæfu sem fylgt getur slíkri hugsun valdhafa. Þessi áminning var því réttmæt.

### Fyrirheit um þjóðaratkvæði svikið

**R**íkisstjórnin hefur hætt aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Alþingi tók á sínum tíma ákvörðun um aðildarumsóknina. Í fullveldi Alþingis felst að Ísland er umsóknarland þar til það sjálft ályktar annað. Utanríkisráðherra hefur farið á fund framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að gera þar formlega grein fyrir stefnubreytingu landsins. Svo langt er gengið að þetta er gert án þess að virða fyrst fullveldisrétt Alþingis til að breyta upphaflegri ákvörðun Íslands. Ekki er unnt að lítilsvirða fullveldi Alþingis meir.

Forysta Sjálfstæðisflokksins gaf fyrirheit um að framhald aðildarviðræðnanna yrði borð undir þjóðaratkvæði á fyrri hluta kjörtímabilsins. Forsætisráðherra sagði ekkert í stefnuræðunni um þetta efni sem hald er í. Spurningum um tímasetningu hefur hann svarað með vísan í blámóðu upphæðanna. Landbúnaðarráðherra hefur aftur á móti tekið af tvímæli um að þjóðaratkvæði sé ekki á dagskrá.

Loks hefur utanríkisráðherra sagt að aðildarviðræður muni aldrei fara fram meðan hann situr. Hann hefur lagt embættið að veði. Það merkir að hugsanlegt þjóðar-

atkvæði um framhald viðræðna snerist um setu hans og jafnvel ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin mun aldrei efna til þjóðaratkvæðis á þeirri forsendu.

Af þessari yfirlýsingu utanríkisráðherra er því ekki unnt að draga aðra ályktun en að þjóðaratkvæði um framhald viðræðna hafi verið slegið út af borðinu. Í fréttaviðtali í höfuðstöðvum Evrópusambandsins gaf ráðherrann hins vegar til kynna að spyrja mætti um eitthvað annað.

Forysta Sjálfstæðisflokksins er krúði af í þessu máli. Hinu er ósvarað hvort sú staða veldur áhyggjum.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Femmenessence**

Finnur þú fyrir breytingaskeiðseinkennum?

Prófaðu nýja Femmenessence 100% náttúruleg vara unnið úr macarót. Rannsóknir sýna að Femmenessence getur bætt líðan kvenna á breytingaskeiði.

Femmenessence styður við og nærir eigin hormónafrámleiðslu líkamans

\*Tilboðið gildir til 30.júní

**20% kynningar afsláttur\***

**Lyf & heilsa** Við hlustum!



# Fasteignamat 2014

- einn, tveir og þrír

Þjóðskrá Íslands tilkynnir fasteignaeigendum um nýtt fasteignamat sem gildir fyrir árið 2014 og miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2013. Frestur til að gera athugasemdir við nýja fasteignamatið er til 1. ágúst 2013.

Tilkynning um fasteignamat er birt á upplýsinga- og þjónustuveitunni Ísland.is og geta fasteignaeigendur skoðað mat eigna sinna þar þegar þeim hentar.

## 1 Fara á Ísland.is

Smelltu á hnappinn til að skoða fasteignamat eigna þinna.




## 2 Tvær leiðir til innskráningar

Þú skráir þig inn á *Mínar síður* með rafrænum skilríkjum eða með Íslykli.



## 3 Tilkynningaseðill

Tilkynningaseðill fasteignamats er í pósthólfinu þínu á Ísland.is.



Fasteignaeigendur geta einnig nálgast fasteignamatið á vefnum **skra.is** með því að slá inn götuheiti eða haft samband við Þjóðskrá Íslands og óskað eftir að fá tilkynningaseðilinn sendan með bréfpósti.

## Skodun visir.is

562 👍

PRÍÐJUDAGUR 11. JÚNÍ  
**Brókin sem breytti lífi mínu**  
Bergsteinn Sigurðsson pistlahöfundur

525 👍

LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ  
**Góðan daginn, Reykvíkingar**  
Jón Gnarr borgarstjóri og borgarfulltrúar  
Besta flokksins

443 👍

LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ  
**Jafnréttislög eru lélegur brandari**  
Mikael Torfason ritstjóri

320 👍

FIMMTUDAGUR 13. JÚNÍ  
**Verkaskipti**  
Hannes Pétursson rithöfundur

311 👍

MÁNUDAGUR 10. JÚNÍ  
**Árshátíð þvermóðskunnar**  
Saga Garðarsdóttir pistlahöfundur

255 👍

LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ  
**Að eilífu, amen**  
Þorsteinn Pálsson pistlahöfundur

## UMMÆLI VIKUNNAR

07.06.2013 → 14.05.2013

„Ég spyr [...] hvort Orkustofnun þurfi ekki að skerpa verulega á sínu eftirlits-  
hlutverki gagnvart þessum háhitasvæðum?“

Lilja Rafney Magnúsdóttir var meðal þing-  
manna sem spurði um vanda virkjunar-  
innar á nefndarfundum í vikunni.



„Ef ekkert verður gert mun framleiðslan  
halda áfram að minnka, jafnvel nokkuð hratt.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, tjáði sig um Helliðsvirkjun fyrir í vikunni.  
Fréttablaðið greindi frá því að virkjunin er langt undir væntingum og getu.

„Við viljum síst að fólk geri skjólstæðingum sínum  
óleik við úrlausn sinna mála.“

Barnaverndarstofa hefur áhyggjur af starfi samtakanna Vörn fyrir börn  
og kannar starfseminu. Páll Ólafsson hjá Barnaverndarstofu segir málaflökkinn  
mjög viðkvæman og því sé verið að skoða málin.

# Veidigjaldið er lang- hagkvæmasta tekjulindin

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um lækkan veiðigjaldsins á komandi fiskveiðiári. Samkvæmt frumvarpinu verður veiðigjaldið 9,8 ma.kr en núverandi lög gera ráð fyrir veiðigjaldi upp á 13,8 ma.kr á komandi fiskveiðiári.

„Það verður meiri litagleði í vörunum í ár en verið hefur og erum við núna að bjóða upp á vörur og mynstur í skærum og sumarlegum litum samhliða okkar fallegu náttúrulegu sauðalíttum,“ segir Birgitta, sem er hér ásamt samstarfskonu sinni, Puru Jónasardóttur sölufulltrúa.

MYND/GVA

vörur í um 20 ár og nýtir til þess íslensku lambagæruna sem er framleidd alfarið hér á landi.

### Ný vörulína í júní

Umfang Varma er þó nokkurt. Það er með starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu, á Norðurlandi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa um fimmtíu manns í dag og fram-

leiðslan hefur aukist mikið. Bæði er framleitt undir eigin vörumerki og í sérframleiðslu fyrir aðra íslenska hönnuði og vörumerki eins og Cintamani, Farmers Market, Geysi Shops, Munda, Vík Þrjúna-dóttur, Júniform og Spaksmannsspjarir.

„Stóran hluta af vörum Varma tekur ferðamaðurinn með sér heim úr fríunni en Íslendingar eru

alltaf að læra betur og betur að meta þessa íslensku framleiðslu, enda fátt sem hentar betur á ferðalögum, í útilegum eða á rölti um bæjarhátíðirnar þegar veðrið er ekki upp á sitt besta eða þegar sest er niður við varðeldinn á kvöldin,“ segir Birgitta.

Von er á nýrri vörulínu frá Varma í júní. Í henni eru nærri fimmtíu vörunúmer og eru þetta

að mestu smávörur á borð við vettlinga, húfur, ennisbönd og trefla úr íslenski ull og lambsull. „Það verður meiri litagleði í vörunum í ár en verið hefur og erum við núna að bjóða upp á vörur og mynstur í skærum og sumarlegum litum samhliða okkar fallegu náttúrulegu sauðalíttum,“ segir Birgitta.

Nánari upplýsingar um Varma er að finna á [www.varma.is](http://www.varma.is).

# Bragðgóðar nýjungar í sumar

Ora kynnir um þessar mundir fjölmargar nýjar og spennandi vörur. Ný lína af ljúffengum fiskréttum er komin í verlanir sem fyrirtækið ætlar einnig að markaðssetja erlendis. Nýjar súpur og paté verða einnig á boðstólum í sumar auk eldri og vinsælli rétta. Útflutningur skipar æ stærri sess í rekstri fyrirtækisins.

Vörurnar frá Ora hafa fylgt Íslendingum í rúm 60 ár og eru fyrir löngu orðnar órjúfanlegur hluti af matarhefð landsmanna. Þótt fyrirtækið framleiði margar klassískar matvörur heldur það sífellt áfram að þróa nýjar og spennandi vörur. Um helgina koma á markað fjórir nýir og ljúffengir fiskréttir sem Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að eigi vafalaust eftir að falla landsmönnum vel í geð. „Um er að ræða frosna fiskrétti. Bakkanum er einungis stungið inn í ofn í 25-30 mínútur og bragðmikill og góður réttur er tilbúinn. Þetta er einföld, þægileg og gómsæt lausn fyrir landann.“ Réttirnir fjórir eru ýsa í karríi, karfi í lime-kóríander, þorskur í hvítlaukspípar og silungur í kryddblöndu. Þremur réttanna fylgja svo grjón og

grænmeti. „Þessi réttir munu fást í öllum betri matvöruverslunum hérlendis.“ Nýju fiskréttirnir eru markaðssettir undir vörumerkinu Iceland's Finest en Ora hyggst markaðssetja réttina og selja erlendis í ár. Leifur segir fyrirtækið ekki hafa einblínt á sölu tilbúinna rétta áður, en stefnan sé tekin á að vaxa mjög á því sviði næstu árin, ekki síst með útflutningi.

## Nýjar súpur og sósur

Ora hefur líka sett á markað tvær nýjar súpur, fiskisúpu og humarsúpu. Um er að ræða frosna vöru og inniheldur hver pakki tvo 200 gramma poka. „Pokinn er tekinn úr frysti og settur í sjóðandi vatn í 10-12 mínútur. Fiskisúpan inniheldur rækjur og fisk en humarsúpan inniheldur dýrindis humarsoð sem við framleiðum sjálf úr humri, hvítvíni, koníaki, rjóma og smjöri, alveg eins og á fínasta veitingastað. Við stefnum svo að því að setja fleiri súpur á markað síðar á árinu.“ Fyrir í vetur hóf Ora sölu á þremur tegundum af súpum í dós sem hafa að sögn Leifs hefur verið vel tekið. Súpurnar sem um ræðir eru gúllasúpa, mexíkósk kjúklingasúpa og íslensk kjötsúpa.

Í sumar geta landsmenn einnig gætt sér á nýrri vörulínu frá Ora sem inniheldur þrjár tegundir af paté. „Við seljum þrjár tegundir af paté undir merkjum Iceland's Finest en þær



Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ora, og Sigurður Halldórsson framleiðslustjóri með nokkrar af nýju vörum Ora.

MYND/GVA

eru einnig hugsaðar til útflutnings. Um er að ræða laxapaté, silungapaté og sjávarréttapaté. Þau innihalda engin bindiefni eða viðbætt vatn og koma í 100 gramma glösum.“

Af öðrum nýlegum og spennandi vörum frá Ora nefnir Leifur köldu grillsósurnar frá Hrefnu Sætran sem fást í fjórum skemmtilegum bragðtegundum. Ora mun

auk þess setja fljótlega á markað piparostasósu og kjúklingasósu sem fara vel með ýmsu kjötmoti. „Við settum einnig nýlega á markað þrjár tegundir af þurrkrafti og einnig röstí-kartöflur en þær koma átta saman frosnar í pakka.“

Svo eru tilbúna réttirnar okkar sívinsælir, til dæmis Ora kjötbollur í brúnni sósu, fiskibollur í karrísósu og kjúklingaboll-

ur í drekasósu og súrsætri sósu.“ Leifur segir útflutning skipa æ stærri sess í rekstri Ora, þá helst á hrogn- og fiskafurðum. „Erlendi markaðurinn er ekki síður mikilvægur en sá innlendi. Íslendingar fá þó alltaf að njóta fyrst þeirra nýjunga sem við setjum á markað og þeir munu áfram fá að njóta spennandi nýjunga frá okkur næstu árin.“



## Matargerð ein æðsta listgreinin

Kokkur og ferðalangur hittust í Listaháskóla Íslands. Saman ákváðu þeir að ferðast um Ísland, ganga milli fjalls og fjöru, éta það sem úti frýs og leþja dauðann úr skel. Afraksturinn varð lostæt matvara úr náttúru Íslands og dýrmætur fróðleikur sem nýtast mun kynslóðum framtíðar um aldir alda.

Við köllum þetta góðgresi því við viljum hafa áhrif á hugarfar fólks sem kallar þessar jurtir vanalega illgresi. Þær eru nefnilega bráðhollar og bragðgóðar matjurtir og eru því réttnefnt góðgresi,“ segir Viktor Pétur Hannesson, sem í vikunni lagði upp í ferð til Stöðvarfjarðar í félagi við Bjarka Þór Sólmundsson.

Þeir vinir kynntust í Listaháskólanum og ákváðu að ferðast um Ísland, ganga á milli fjalls og fjöru og gera tilraunir með íslenskar jurtir í myndlist og matargerð.

„Matargerð er ein af æðstu listgreinum því sá sem matreiðir skapar eitthvað gómsætt og setur andann í efnið. Þeir sem eru tilfinninganæmir skynja svo greinilega ef þeim sem matreiðir líður vel því þá verður maturinn gómsætur en líði honum illa er hægt að skynja sorg og að ást vantar í matinn,“ segir Viktor sem með Bjarka verður með bækistöð í húsi sínu á Stöðvarfirði sem hann nefndi Gígjukot eftir unnustu sinni. „Við Bjarki erum báðir listamenn með mataráhuga en Bjarki er lærdur kokkur og vanur alls kyns galdrabrögðum í eldhúsinu. Í sumar verðum við á ferðalagi til að safna jurtum í ljúffenga matvöru og verðum fyrir innblæstri frá gömlum uppskriftum sem við setjum í okkar búning.“

Þeir félagar hyggjast einnig nálgast íslenskt góðgresi á myndlistarlegan hátt, taka jurtir til hliðar og safna í sarpinn til að eiga kjarngóðan efnivið í bók. Þeir stefna einnig á myndlistarsýningu með markaði og veislu



Fardagamat er gott ofan á brauð, sem meðlæti og ofan á pitsu. Maukið byggir á gamalli hefð þegar vinnufólk fluttist búferlum á fardögum í sjöundu viku sumars. Um svipað leyti byrjar njólinn að spretta en áður var hann kallaður fardagakál og fluttur inn sem bjargvættur gegn skyrbjúg. MYND/BJARKI ÞÓR SÓLMUNDSSON

í haust og leita nú að hentugu galleríi sem vill hýsa hana.

„Við söfnum gömlum uppskriftum og fróðleik frá fólki sem við hittum á ferðalagi því það er nauðsynlegt að miðla honum áfram. Kynslóðin sem áður bjó við krappari kjör og þurfi að nýta það sem landið gaf er smám saman að hverfa svo það er nú eða aldrei að safna saman vöskum þeirra á einn stað,“ segir Viktor.

Hann segir margt hafa komið þeim Bjarka á óvart á ferðalaginu.

„Ísland er matarkista og nóg að bíta og brenna í náttúrunni. Mýmargt er forvitnilegt, eins og hvernig bóndi nokkur notaði hvönn sem rotvörn í bjúgnagerð og annar slæddi vatn til að fá úr því lítinn silung



Bjarki og Viktor á Fardagafögnum sem þeir héldu á nýliðnum fardögum. Í sumar skipuleggur Viktor hátíðina Polar í samstarfi við Maður er manns gaman á Stöðvarfirði helgina 12.-14. júlí. Þeir félagar munu svo ferðast um Austfirði og halda markaði á bæjarhátíðum. MYND/GJGA SARA H. BJÖRNSSON

sem nýtist ekki til sölu en er góður og mikill matur,“ nefnir Viktor sem dæmi.

Góðgresi byggir verkefni sitt að mestu á frjálsum framlögum, hvort sem þau eru í peningum, vöruskiptum eða vinnu. Tekið er á móti frjálsum framlögum á www.godgresi.is og ef einhver lumar á uppskrift í anda Góðgresis er fólk hvatt til að senda þær í gegnum heimasíðuna þar sem þær verða birtar undir nafni höfundar.

„Við Bjarki erum ekki matvandar held-

ur miklir sælkerar og forvitnir að prófa og smakka á nýjum jurtum. Allt sem við höfum framleitt úr íslensku góðgresi smakkast dásamlega og við notum ekki jurtir til matargerðar nema þær séu ljúffengar. Það er ótrúlegt hvað hægt er að matreiða úr jurtum og þegar ástin er sett í verkið gerast alltaf góðir hlutir.“

Hægt er að komast í tæri við Góðgresi á bæjarhátíðum eystra í sumar og velkomið að hafa samband og panta á godgresi.is.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## VÍKINGAR HITTAST

Nú stendur yfir Víkingahátíð í Hafnarfirði. Þar er víkingamarkaður, handverks- og bardagavíkingar, fornir leikir, glíma, bogfimi og axarköst. Fjöllistamenn mæta til leiks og víkingaskóli verður fyrir börn að ógleymdum víkingaveislum að hætti víkinga.

Ertu búinn að fá þér  
Veidikortið!

Elliðavatn  
komið á  
kortid!



[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

Veidítímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)



## GOTT FRÁ TAÍLANDI

**NÚÐLUHÚSIÐ KYNNIR** Taílenstur mat er hollur, fitulítill og bragðmikill. Núðluhúsið býður upp á fjölbreyttan og ljúffengan matseðil.

## Upplifðu Útivistargleði

Jónsmessuhátíð Útivistar 21.-23. júní



Skráning hafin á skrifstofu

Bókun á skrifstofu í síma  
562 1000 eða á [www.utivist.is](http://www.utivist.is)



**ÚTIVIST**

Núðluhúsið við Laugaveg sérhæfir sig í ljúffengum og bragðmiklum taílenstum mat. Staðurinn hefur þjónað svöngum landsmönnum og ferðalöngum í tuttugu ár en það voru Magnús og Goy sem stofnuð staðinn. Ævar Hallgrímsson, eigandi Núðluhússins, segir að kappkostað sé að nota eingöngu besta og ferskasta hráefnið hverju sinni. „Við höfum taílenstra matreiðslumenn og starfsfólk í eldhúsi. Margt hráefni sem við notum er líka flutt inn frá Taílandi enda fæst það ekki hér á landi. Því má segja að maturinn hjá okkur sé eins taílenstur og hugsast getur.“

Núðluhúsið býður upp á fjölbreyttan matseðil sem inniheldur meðal annars nautakjöt, kjúkling, svínakjöt og lambakjöt, auk núðlu-, hrísgrjóna- og grænmetisréttta. „Taílenstur mat er hollur, fitulítill og afar bragðmikill. Við notum fyrsta flokks hráefni og það skilar sér í bragðgæðum og ánægðum viðskipta-

vinum sem koma aftur og aftur.“

Margir vinsælir réttir eru á matseðli Núðluhússins að sögn Ævars. „Kjúklingur í kasjúhnetusósu hefur verið mjög vinsæll hjá okkur. Eins má nefna padthai-núðlurnar, sem er sterkur og bragðmikill núðluréttur. Djúpsteiktu rækjurnar standa svo alltaf fyrir sínu og kjúklingur í panang-sósu auk rétta í massaman-sósu.“ Núðluhúsið býður einnig upp á barnamatseðil og því er staðurinn mjög hentugur fyrir fjölskyldur.

Margir nýta sér að panta símleidis og fá matinn sendan heim að sögn Ævars eða sækja hann sjálfir á staðinn. „Ekki má gleyma sérstöku hádegisboði okkar en þá bjóðum við upp á ljúffenga rétti á aðeins 1.250 krónur alla daga vikunnar.“

Núðluhúsið er í Kjörgarði, á Laugavegi 59 í Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á [www.nudluhusid.is](http://www.nudluhusid.is) og á Facebook.

**BRAGÐGÓÐ HOLL-  
USTA** Eingöngu besta og ferskasta hráefnið er notað hjá Núðluhúsinu.  
MYND/GVA



**GOTT ÚRVAL** Matseðill Núðluhússins er fjölbreyttur.  
MYND/GVA

## Rýmum fyrir nýjum vörum

25-50% afsláttur af öllum vörum

## Reykjavík & Akureyri

Opnunartími laugardag:

Reykjavík 11-16 & 10-17 á Akureyri



Sendum frítt  
úr vefverslun  
[www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)

**Lin**  
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri

Íslensk  
hönnun

# MAMMA LOKSINS KOMIN HEIM

**STJÓRNSÖM HÚSMÓÐIR** Sem óbreyttur þingmaður strýkur Katrín Júlíusdóttir nú frjálssar um höfuð en þegar hún var í erilsömu ráðherraembætti. Hún nýtur nú fjölskyldulífsins en segist aldrei hafa haft samviskubit vegna lítillar viðveru heima í ráðherratið.

Þegar tvíburarnir fæddust sögðu strákarnir mínir heima að loks væri komið jafnvægi á heimilið því þeir þyrftu að vera fjórir á móti mér einni! Ég vona að þeir hafi verið að grínast," segir Katrín og skellir upp úr.

„Ég skal viðurkenna það hér og nú, og af því að sagt er að vont sé að vera í afneitun, að ég er afar stjórnsöm heima fyrir. Fólkið mitt lætur sig hafa það því ég er ekki ósanngjörn en mér þykir þægilegt að hafa hlutina eftir mínu höfði. Væru mínir menn spurðir um helstu galla mína væri það eflaust hversu mikið ég gef þeim af góðum ráðum. Ég er meðvituð um þetta en hef alltaf verið svona," segir Katrín þegar hún er spurð hvort yfirsýn og stjórnunarhæfileikar hennar sem fyrrverandi ráðherra sýni sig líka heima.

„Ég vil alltaf hafa heimilið í röð og reglu og þvottinn samanbrotinn. Það var því stundum óþægilegt að vera í annasömu embætti með lítill börn á heimilinu og geta ekkert gert í málunum. Þegar tími gefst vil ég frekar nota hann með börnunum en að vera á kafi í þvottinum.“

## ELSKAR AÐ VERA HÚSMÓÐIR

Þótt nú standi yfir sumarþing nýtur Katrín afslappaðri tilveru en þegar hún var ráðherra.

„Ég fór mikið á mis við fjölskyldulífið í vetur því ráðherraembættið er þó nokkuð anna-

samara en þingmannsins. Ég skal því alveg játa að í önnum embættisins og kosningabaráttunni í vor gekk ég ansi harkalega nærri mér," segir Katrín sem fagnaði kærkomnum frídögum eftir stjórnskiptin.

„Það var yndislegt að verða aftur hluti af venjulegu heimilislífi og komast inn í fjölskyldurútinuna. Þar hafði verið minna gert ráð fyrir mér og ég kom þegar ég gat. Mér þykir húsmóðurhlutverkið meiriháttar yndislegt, að fá að hugsa um mína menn, steikja handa þeim kjötbollur og allt það venjulega sem við lítum á sem sjálfsgöðan hlut. Þegar tvíburarnir komust til dagmömmu komst ég svo aftur í ræktina og fékk tíma með sjálfri mér, sem var indæll lúxus sem ég hafði ekki getað leyft mér lengi," segir Katrín sæl með lífið og tilveruna. Þegar fjölskyldan kemst í sumarfrí er ætlunin að ferðast um landið og hafa það gott heima.

„Ég ætla fyrst og fremst að hafa það huggulegt með strákunum mínum og manninum og sé fyrir mér að vakna á morgnana og gera það sem dagurinn býður upp á hverju sinni. Það finnst mér alltaf ljúfast og að fara út á rólu með litlu kallana mína sem nú eru byrjaðir að uppgötva heiminn á tveimur jafnfljótum.“

## ALDREI MEÐ SAMVISKUBIT

Tvíburar Katrínar og eiginmanns hennar Bjarna Bjarnasonar rit-

## HAMINGJUSÖM

Katrín segist hafa farið sátt til annasamra starfa eftir fæðingarorlof með tvíburunum því þeir hafi verið í góðum og traustum höndum föður síns.

MYND/STEFÁN

## GAMAN

„Mér þykir húsmóðurhlutverkið meiriháttar yndislegt, að fá að hugsa um mína menn, steikja handa þeim kjötbollur og allt það venjulega sem við lítum á sem sjálfsgöðan hlut.“



## Myndlistarráð

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr myndlistarsjóði til úthlutunar í ágúst 2013.

Hlutverk myndlistarsjóðs er að efla íslenska myndlist með fjárhagslegum stuðningi og kostun verkefna sem falla undir hlutverk og starfsemi myndlistarráðs samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012.

Myndlistarsjóði er ætlað að stuðla að framgangi listsköpunar, kynningu og aukinni þekkingu á íslenskri myndlist hérlandis sem erlendis. Sjóðurinn veitir verkefnastyrki sem ætlaðir eru til að auðvelda framkvæmd verkefna

á sviði listsköpunar og listranssóknna. Jafnframt veitir sjóðurinn styrki til undirbúnings verkefna sem falla undir starfssvið sjóðsins.

Veittir verða Undirbúnings- og verkefnastyrkir allt að 500.000 kr.

Verkefnastyrkir allt að 5.000.000 kr.

Umsóknarfrestur er til kl.17 mánudaginn 29. júlí 2013.

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar er að finna á vefsíðu myndlistarráðs myndlistarsjodur.is



## Höfum opnað nýja hársnyrti- og rakarastofu að Vínlandsleið 14, Grafarholti.

Bjódum alla viðskiptavinum, bæði gamla og nýja hjartanlega velkomna.

Frábær opnunartilboð á vörum og þjónustu

Tímamantanir í síma 567 6666

Hlökkum til að sjá ykkur!

Hrefna og Bára

**HÁRFÍNT**  
HÁRSNYRTI- & RAKARASTOFA

HÁRFÍNT – VÍNLANDSLEIÐ 14 – 113 REYKJAVÍK – SÍMI 567 6666

höfundar, eru nú fimmtán mánaða. Fyrir átti Katrín son sem nú er fjórtán ára og Bjarni son sem er þrettán ára.

„Að vera mamma er það besta sem ég veit og nú algjört ævintýri að sjá stóra strákinn minn vaxa úr grasi. Ég er því ótrúlega rík og mikið stuð á heimilinu," segir Katrín kát.

Hún segist hafa verið tilbúin að fara aftur til ráðherrarstarfa eftir fæðingarorlof með tvíburunum.

„Ég hafði áður verið þingmaður og einstæð móðir í ellefu ár og þekkti vel að þúsla þeim tveimur hlutverkum saman. Munurinn í dag er sá að nú á ég æðislegan mann sem er súperpabbi og frábær fjölskylduáfarir. Því fékk ég aldrei samviskubit né leið illa yfir því að vinna frá tvíburunum svo ungum því þeir voru með pabba sínum og höfðu það óskaplega gott, alltaf kátir og sælir. Ég hafði því yfir engu að kvarta.“

Um helgar hefur fjölskyldan yndi af gestakomum í bröns og svo verður einnig nú um helgina.

„Ég byrjaði helgina á að bjóða stóra stráknum mínum í bíó og svo eru nokkrar bíómyndir sem maðurinn minn hefur beðið eftir að ég hefði tíma og orku í að horfa á með honum. Það verður því kósíkvöld heima í kvöld; ég

baka pitsu og strákarnir velja myndina.“

Á þjóðhátíðardaginn ætlar Katrín að venju með fjölskylduna á Rútstún í Kópavogi. „Þar tek ég þátt í hátíðahöldunum og þótt dagskráin sé góð er ómissandi hluti af 17. júní að rekast á gamla vini og kunningja á túninu.“

## NÝTT HLUTVERK Á ALDINGI

Árið 2004 fékk Katrín bláæðatappa utan á smáheilann sem er óvenjuleg útgáfa af heilaáfalli.

„Það tók mig dálitinn tíma að ná mér að fullu en ég fékk græna ljósið og var fullhlaðin rúmu ári seinna. Í dag bendir ekkert til þess að þetta geti gerst aftur en þegar ég gekk með tvíburana var ég á blóðþynningarlyfjum í varúðarskygni. Fyrir góðan málstað, eins og að ganga með tvö börn, var ég vitaskuld til í að nota slík varúðartæki," segir Katrín.

Með nýrri ríkisstjórn er Katrín sest í sæti stjórnarandstöðupingmanns og kveðst líka það vel.

„Breytingar fara alltaf vel í mig. Hlutverk stjórnarandstöðupingmannsins er líka mikilvægt; að veita aðhald, spyrja spurninga og leggja góðum málum lið. Ég mun auðvitað fylgjast grannt með málum og er nú skilningsríkari og með dýpri þekkingu á ákveðnum málaflokkum sem gerir mig að

enn betri stjórnarandstöðupingmanni," segir Katrín.

Hún segist munu sakna góðra félaga sem hættu eða náðu ekki á þing í síðustu kosningum.

„Svona er nú pólitíkin og svona á hún að vera; flokkar eiga að stækka og minnka og þurfa að vinna fyrir atkvæðum sínum. Mér þótti erfitt að hverfa frá verkefnum og fyrstu dagana voru sum mál mér afar hugleikin sem ég vildi koma í betra var. En svo andar maður í kviðinn og sleppir og það verður allt í lagi. Stjórnarmálmennt eru upp til hópa gott fólk og það á einnig við um þá sem koma á eftir.“

Katrín segist aldrei hafa dreymt um að verða alþingismaður. „Ég hafði allt aðrar hugmyndir um líf mitt og er enn aðeins 38 ára, svo ekki er öll nótt úti um starfsframa annars staðar. Ég ætlaði að verða atvinnusprettlaupari yfir í að verða skóhönnuður yfir í að verða framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindi og alþjóðamál hafa heillað mig lengi og ég sé fyrir mér að starfa þar í framtíðinni. Sem barn átti ég draum um að leggja mitt af mörkum til betri veraldar og ég ætla mér svo sannarlega ekki að gefa þann draum upp á bátinn.“

■ thordis@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432  
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

# NINGS

## SUMARTILBOÐ

Djúpsteiktar rækjur



Eggjanúðlur



Svínakjöt „appelsínu“



Kjúklingur „Kung Pao“



1995 á mann  
verð fyrir tvo 3990  
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri  
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa  
ásamt 2l Coke fylgir með

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

www.nings.is | Sími: 5889899





**Frábært blað**  
100 síður af hugmyndum



Færst & öllum heimila blaðstöðubúðum um land allt. • Áskriftarsími 578-4800. • www.rtl.is

## PRÓGASTRÓ

Áhrifaríkur ASÍDÓFÍLUS ásamt öðrum öflugum góðgerlum

### Oft spurt?

Af hverju virka **PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3** góðgerlarnir svona vel og fljótt á marga meltingaerfiðleika eins og hægðatregðu, niðurgang, uppþembu, kandíta, sveppasýkingu ofl.

### Svar?

Lykillinn er að allir góðgerlarnir í **PRÓGASTRÓ DDS PÚS 3** eru gall- og sýrupolnir og ná að lifa ferðina af í gegnum magann niður í smáþarmana. Auk þess er **ASÍDÓFÍLUSINN DDS 1**, sem hefur þann hæfileika að fjölga sér og dvelja í þörmunum, vinnusamur og stöðugur.

### Notkun

2 hylki á morgnana á fastandi maga geta gert kraftaverk fyrir meltinguna! Margir fullyrða að þeir sem hafa góða meltingu séu hamingjusamari.

- Prófaðu og upplifðu muninn



Þessi vara er laus við:

Mjólk • Glúten • Sykur  
Soja • Rotvarnarefni



Fánlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

www.gengurvel.is

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sigildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

**vísir**

# ÞJÓÐHÁTÍÐ Í ÁRBÆJARSAFNI

**17. JÚNÍ** Líflæg dagskrá verður í Árbæjarsafni á mánudaginn, 17. júní. Fornbílaklúbburinn rennir í hlað og fjallkonan ber skautbúning á safninu.

Við höfum haldið þjóðhátíðardaginn hátíðlegan gegnum tíðina hér á safninu,“ segir Erna Ósk Arnardóttir, flokkstjóri í Árbæjarsafni. Dagskráin á safninu verður á þjóðlegum nótum. Verður þá ekkert kandífloss á boðstólum eða grillaðar pylsur? „Nei, en við munum örugglega baka lummur úti í gamla Árbæ og svo er auðvitað opið í Dillonshúsi. Þá verður mikið að gera í Krambúðinni. Gestir geta meðal annars keypt ferskan rabarbara, eða tröllasúrur eins og hann var kallaður í gamla daga. Það má ýmist borða rabarbarann á staðnum, eða fara með heim og sulda,“ segir Erna.

„Fjallkonan verður skautuð klukkan 14 í Lækjargötu og geta gestir fylgst með hvernig faldur, faldblæja og spöng eru sett upp og borin við skautbúning. Fjallkonan mun síðan ganga um safnsvæðið og fólki býðst að taka myndir af henni.“ Búningurinn sem fjallkonan í Árbæjarsafni klæðist er sá sami og fjallkonan á Austurvelli ber. Erna segir búninginn áratuga gamlan og því heiður fyrir þá sem fær að klæðast honum. „Allar frægustu leikkonur og listakonur landsins hafa klæðst þessum búningi og það er auðvitað heiður fyrir þann starfsmann sem fær að klæðast honum hér á safninu. Það er alltaf mjög skemmtilegt.“ Fornbílaklúbburinn mun renna í hlað klukkan 14 og sýna bílana og á torginu verður slegið upp dansleik við harmonikkuleik



**SUMAR Á SAFNINU** Starfsfólk Árbæjarsafns hvetur gesti til að mæta í þjóðbúningum á safnið á þjóðhátíðardaginn.



**EDALVAGNAR** Fornbílaklúbburinn rennir í hlað klukkan 14 á sautjándann.



**FJALLKONAN** Fjallkonan í Árbæjarsafni klæðist sama búning og fjallkonan á Austurvelli. Hún verður skautuð klukkan 14 og gengur svo um svæðið.

síðar um daginn. „Við vonumst til að gestir taki þátt í dansinum og sérstaklega þeir sem mæta í þjóðbúningum,“ segir Erna. Safnið er opið frá klukkan 10 til 17 alla daga í sumar. Nánar má forvitnast um dagskrá safnsins á [www.minjasafnreykjavikur.is](http://www.minjasafnreykjavikur.is).

■ heida@365.is

## ALLT ÍSLENSKT NEMA GÚMMÍSKÓRNIR

Kaupmaðurinn er heiti nýrrar hönnunarverslunar á Ísafirði sem selur íslenska hönnun.

Glæný verslun með íslenska hönnun var opnuð á Ísafirði síðastliðinn laugardag á horni Austurvegs og Hafnarstrætis. Búðin hefur fengið nafnið Kaupmaðurinn og segir Gísli Jón Hjaltason verslunarstjóri slíka búð hafa vantað á Vestfirði.


„Okkur langaði til að bjóða upp á íslenska hönnun hér á Ísafirði. Það er gróska í íslenski hönnun og við sáum að við yrðum ekki í vandræðum með að fylla búðina af vörum. Ferðamannastráumurinn hingað á Vestfirði er líka alltaf að aukast,“ segir Gísli. „Sara Jónsdóttir hannaði verslunina og skapaði fallega umgjörð um vörurnar, meðal annars vegg sem hún hannaði með örnefnum að vestan og Fánasmiðjan á Ísafirði prentaði.“

Meðal merkja til sölu í búðinni eru Vík Þrjónsdóttir, Farmers Market, As we grow og Aurum svo eitthvað sé nefnt og teygir vöruúrvalið sig yfir fatnað, skart, heimilisvörur og fylgihluti. „Það er allt íslenskt í búðinni, nema gúmmískórnir,“ segir Gísli. „Þeir eru samt svo rótgrónir í íslenski menningu að við vildum hafa þá með.“

Hægt er að fylgjast með Kaupmanninum á Facebook. ■ heida@365.is



**ÍSLENSKT** Vöruúrvalið spannar allt frá fatnaði til heimilisvara.



**ÖRNEFNI Á VEGG** Sara Jónsdóttir hannaði útlit verslunarinnar. Fánasmiðjan á Ísafirði prentaði vestfirsk örnefni á vegg.



**HÖNNUN** Kaupmaðurinn er ný verslun með íslenska hönnun á Ísafirði. MYND/KAUPMAÐURINN

# ÞJÁISTU AF FRJÓKORNA-OFNÆMI?

**ICECARE KYNNIR** Hay Max er náttúruleg lausn sem hentar öllum. Hay Max er lífrænn salvi sem fyrirbyggir frjókornaofnæmi. Fólk hnerrar minna og fær minni ofnæmisviðbrögð við frjókornum.

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, bývaxi, ilmkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er vottaður fyrir grænmetisætur. Með því að koma í veg fyrir að of mikið magn frjókorna berist inn í líkamann er hægt að forðast einkenni ofnæmisins, svo sem hnerra og kláða í augum, hálsi og eyrum. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum. Salvinn er borinn vandlega á svæðið umhverfis hvora nös nokkrum sinnum á dag á meðan á frjókornatímabilinu stendur. Einnig má setja salvann aðeins inn í nasir og í kringum augu.

## ALLT ANNAD LÍF

Erna Guðrún Björnsdóttir er mikið innan um hesta og stundar útivist af kappi. „Ég var alltaf með með nefrennsli og hnerraði endalaust. Ég vaknaði á hverjum morgni hnerrandi með nefrennsli og ekkert virkandi á mig. Móðir mín heyrði af Hay Max-salvanum og gaf mér. Ég smurði

Hay Max á húðina fyrir neðan nefið og á nokkrum dögum leið mér betur þegar ég notaði salvann. Núna nota ég alltaf Hay Max áður en ég fer að sofa.“

## ALLTAF MEÐ HAY MAX

Jón Páll Pálmason, þjálfari í knattspyrnu, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Þar sem ég er að þjálfa fótbolta er ég mikið úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur, alltaf pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi.“ Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana öfugt við mörg ofnæmislyf.



## GOTT MÁL

Erna Guðrún Björnsdóttir stundar útivist af kappi og notar því Hay Max.  
MYND/GVA



## NOTAR HAY MAX

Jón Páll Pálmason þjálfari hefur góða reynslu af notkun Hay Max.



**LÍÐUR BETUR**  
Lilja Dröfn hefur mjög góða reynslu af Bio-Kult Candéa.

## BIO-KULT CANDÉA VIRKAR VEL Á SVEPPASÝKINGUNA

*Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnabykkni sem virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, píringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.*



Fæst í öllum apótekum, heilsumerslunum og heilsumhillum stórmarkaðanna.

„Dóttir mín á unglingsaldri var búin að eiga við óþægindi og kláða á kynfærasvæði í nokkra mánuði og hafði prófað ýmis lyf við sveppasýkingu. Ekkert virkaði á vandamálið. Ég las um Bio-Kult Candéa og ákvað að kaupa pakka fyrir hana til að prófa, það sakaði ekki þar sem öll sveppalyfin náðu ekki niður kláðanum. Fljótlega fann hún mun á sér og núna passar hún vel upp á að gleyma ekki að taka hylkin, því að í sumar þá gleymdist það í nokkra daga og þá blossaði sveppasýkingin upp aftur. Við mæðgur viljum þakka fyrir, því að það er svo gott að geta náð niður vandamáli á náttúrulegan hátt í staðinn fyrir að nota lyf við sveppasýkingu. Bestu þakkir, Linda.“

„Ég var alltaf með exem í hársverðinum og meltingin var í ójafnvægi. Um það bil þremur vikum eftir að ég byrjaði að taka hylkin frá Bio Kult Candéa reglulega fann ég mikinn mun á mér og sykurlöngunin hefur auk þess minnkað,“ segir Lilja Dröfn.

„Ég var stöðugt með magaverki en vissi aldrei af hverju þeir stöfuðu. Bio Kult Candéa-hylkin vinna á sveppasýkingu í meltingarvegi og halda Candida-sveppnum í skefjum. Candida-sveppurinn er eðlilegur íbúi í þörmum en þegar hann fjölgar sér um of veldur hann ýmsum óþægindum, svo sem meltingartruflunum, húðvandamálum, skapsveiflum, liðverkjum, kláða á kynfærasvæði og höfuðverk.“

Candida-sveppurinn þrífst vel á sykri og hveiti og því minnkar löngun í slíkt þegar fólk hefur tekið inn hylkin í nokkra daga. Það var svo frábært að finna svona góðan mun á sér. Ég tek tvö hylki á dag með morgunmat og ætla örugglega að taka Bio Kult Candéa áfram,“ segir Lilja Dröfn.

## BIO-KULT PRO-CYAN

- öflug vörn gegn þvagfærasýkingu

Einkenni þvagfærasýkingar geta verið

- Tíð þvaglát
- Verkir og brunatilfinning við þvaglát
- Óeðlileg lykt og litur af þvagini

Bio-Kult Pro-Cyan hentar fyrir alla gegn þvagfærasýkingu. Skammtur: Tvö hylki einu sinni til tvisvar á dag.

Fæst í öllum apótekum, heilsumerslunum og heilsumhillum stórmarkaðanna.





# ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á [www.stod2.is/vild](http://www.stod2.is/vild)

**40% AFSLÁTTUR**

40% afsláttur af þriggja mánaða korti í baðstofu og heilsurækt.

**50% AFSLÁTTUR**

50% afsláttur af fjölskyldukortum Skemmtigarðsins. Þú borgar 3.000 kr. en færð 6.000 kr. inneign.

# UPPRUNINN Í BRETLANDI

**HARÐKÚLUHATTAR**, rykfrakkar og tvíd eru upphaflega frá Bretlandi. Þetta var staðfest í nýlegri rannsókn.

Rannsóknin var framkvæmd af Victoria og Albert safninu að beiðni breska tískuráðsins, British Fashion Council. Almennt hefur verið vitað að Bretar hafa átt stóran þátt í að móta karlfatátísku heimsins en í niðurstöðu rannsóknarinnar er þetta staðfest.

Nefndir eru nokkrir hlutir sem sannarlega eru breskir inn að beini. Þetta eru harðkúluhatturinn, leðurskór með mynstri, rykfrakkinn, tvíd- og tartan-mynstur, skyrtur og bindi með blómamynstri, þrískipt jakkaföt, reiðfrakkinn, svartar buxur með ólum, sem kallast upp á ensku „bondage“-buxur, og Wellingtonstígvélin. Þá má einnig rekja klæði spjátrungsins, eða „dandy“ eins og fatastillinn kallast upp á ensku, til Bretlands.



**LEÐURSKÓR** Svokallaðir „brogues“-skór eru með sérstökum mynstri.

**WELLINGTONSTÍGVÉL** Þau gerast varla breskari en þessi.



**BUXUR MEÐ ÓLUM** Svokallaðar „bondage“-buxur komu fyrst fram á Englandi.

**JAKKI ÚR TVÍDEFNI** Tvídefnið er sérstaklega breskt.

**TARTAN-MYNSTUR** Leikarinn Alan Cumming í jakkafötum með afar líflegu tartanmynstri.

**HARÐKÚLUHATTUR** Klassísk þrískipt jakkaföt eru enn vinsæl. Hér eru þau á tískusýningu The Hackett í London í janúar.

**RYKFRAKKI** Hönnuðurinn Zac Posen í klassískum rykfrakka.

**DANDY** Klæði spjátrungsins, eða „dandy“ eins og fatastillinn kallast upp á ensku, má rekja til Bretlands.

## NÝ TÆKNI TIL AÐ FINNA RÉTTA BRJÓSTAHALDARANN

Ótrúlegt en satt þá ganga 85% kvenna í rangri stærð af brjóstahaldara. Þetta getur valdið eymslum í baki, hálsi, höfði og fleiri stöðum. Annað þekkt vandamál er að brjóstahaldarastærðir geta verið mismunandi eftir vörumerkjum og sniðum en konur fara yfirleitt ekki í brjóstamælingu fyrir hver einustu brjóstahaldarakaup.

Undirfatarisinn Jockey hefur fundið lausnina en eftir átta ára þróun á nýju stærðarkerfi hefur fyrirtækið þróað hina fullkomnu lausn.

Um er að ræða 55 brjóstahaldarastærðir sem hægt er að velja um. Stærðirnar eru hannaðar út frá lögun brjóstans og stærð. Til þess að finna út sína stærð í þessu nýja kerfi þarf að panta byrjunarsett sem sent er heim að dyrum. Settið inniheldur tíu mismunandi stærðir af skálum sem eru mætaðar heima og einnig fylgir málband með til

þess að mæla ummálið undir brjóstunum. Með þessu móti er hægt að fá réttu brjóstahaldarastærðina og kaupandinn sleppur við að fara í mælingu í undirfatabúðum. Eftir að hafa fundið út rétta stærð sem hentar bæði stærð og lögun brjóstanna er hægt að panta brjóstahaldara á heimasíðu fyrirtækisins.

Þetta þykir stórt stökk í rétta átt og munu vonandi fleiri fyrirtæki fylgja í fótspor Jockey, enda skipta brjóstahaldarar gríðarlega miklu máli fyrir heilsu kvenna. A-, B-, C- og D-stærðarkerfið hefur verið í notkun síðustu 80 ár en nú er loksins hægt að fá brjóstahaldara sem passar eins og hann sé sérsmaður á viðskiptavininn. [gunnhildur@365.is](mailto:gunnhildur@365.is)



**JOCKEY** Fyrirtækið hefur fundið upp nýjung fyrir konur sem vilja vera í réttri stærð af brjóstahaldara. Um 85% kvenna ganga í rangri stærð.

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana. [midi.is](http://midi.is)



MOSFELLSBÆR

## Leikskólinn Hlaðhamrar auglýsir lausar stöður

Hlaðhamrar er 4 deilda leikskóli með 85 börnum. Unnið er í anda „Reggio“ stefnunnar með áherslu á gæði í samskiptum og skapandi starf.

Um er að ræða skemmtilega vinnu með börnum í fallegu umhverfi í nálægð við náttúruna.

### Auglýst eru eftirfarandi störf:

- Stöður deildarstjóra
- Stöður þroskajálfa
- Stöður leikskólakennara

Stöðurnar eru lausar frá og með hausti 2013.

Nánari upplýsingar er að finna á <http://mos.is/Lausstorf/>.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 21. júní 2013.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um störf. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið [hlad@mos.is](mailto:hlad@mos.is).

Upplýsingar gefa Sveinbjörg Davíðsdóttir, leikskólastjóri og María Birna, aðstoðarleikskólastjóri í sínum 566-6351 og 861-3529.

# SÖLUMAÐUR Á AKUREYRI



Verslun N1 á Akureyri leitar að kraftmiklum og áreiðanlegum sölumanni í hópinn. Um er að ræða fjölbreytt starf til framtíðar sem krefst frumkvæðis og sjálfstæðis í starfi.

### HELSTU VERKEFNI:

- Sala á vörum N1 til fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi
- Þjónusta, sala og ráðgjöf til viðskiptavina í versluninni
- Samskipti við birgja og innkaupafólk
- Önnur tilfallandi verkefni í verslun

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af sölustörfum
- Góð almenn tölvuþekking
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Bjarnason, verslunarstjóri í síma 440 1420.

Vinsamlegast sakið um starfið með því að senda ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið [sigurdurb@n1.is](mailto:sigurdurb@n1.is) fyrir 21. júní n.k.

WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

## SKJALASTJÓRI

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið leitar að öflugum skjalastjóra til að leiða uppbyggingu og þróun skjalamála og stýra teymi í skjala- og ritaraþjónustu. Skjalastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs.

### Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og verklags við skjalastjórnun
- Stýrir teymi sem hefur umsjón með skjala- og ritaraþjónustu
- Umsjón með frágangi skjalasafns og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um skjalamál
- Þróun og innleiðing rafræns skjalastjórnarkerfis
- Umsjón með bókasafni Fjármálaeftirlitsins
- Almenn skrifstofustörf og þjónusta við stjórnendur og starfsmenn

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, m.a. í bókasafns- og upplýsingafræði
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Reynsla af innleiðingu skjalastýringarkerfis kostur
- Skráningarheimild í Gegni kostur
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmni í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Fjármálaeftirlitið er lykilstofnun í íslensku efnahagslífi og samfélagi. Innan þess fer nú fram mikið uppbyggingar- og umbótastarf sem miðar að því að styrkja eftirlit og taka þannig þátt í að byggja upp traust og trúverðugt fjármálakerfi á Íslandi.

Umsjón með ráðningu hafa Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir framkvæmdastjóri rekstrarsviðs ([ingibjorg@fme.is](mailto:ingibjorg@fme.is)) og Erla Traustadóttir ([erlat@fme.is](mailto:erlat@fme.is)) sérfræðingur á mannauðssviði.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins [www.fme.is](http://www.fme.is) eða á Starfatorgi, [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is). Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

# Doktorsnemi

í líf- og læknávisindum á sviði blóðsjúkdóma

Læknadeild Háskóla Íslands auglýsir lausa til umsóknar þriggja ára launaða stöðu doktorsnema í samvinnu við Karólínska háskólasjúkrahúsið í Svíþjóð og National Institutes of Health í Bandaríkjunum.

**Verkefnið heitir:** Lýðgrunduð rannsókn á bráðahvítblæði/mergfrumumisproska hjá sjúklingum með mergfrumuæxli.

Verkefnið er fjármagnað af styrk úr dánarbúi Ásrúnar Einarsdóttur og verður unnið að hluta til við blóðsjúkdómadeild Karólínska háskólasjúkrahússins í Stokkhólmi. Viðfangsefni doktorsnemans verður að rannsaka áhættuþætti og meingerð bráðahvítblæðis hjá sjúklingum með mergæxli (e. multiple myeloma). Leiðbeinandi nemandans verður Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í blóðsjúkdómum við Landspítala Háskólasjúkrahús.

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2013. Ráðið er í starfið til þriggja ára frá 1. september 2013.

## Hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa BS-gráðu í heilbrigðisvísindum eða skyldum greinum. Meistarapróf, reynsla af rannsóknum sem og góð kunnátta í sænsku eða öðrum norrænum tungumálum er æskileg. Valið verður úr umsóknum á grundvelli námsárangurs, starfsreynslu og tengingar bakgrunns og menntunar við viðfang verkefnisins.

Frekari upplýsingar veitir  
dr. Sigurður Yngvi Kristinsson, [sigyngvi@hi.is](mailto:sigyngvi@hi.is).

Nánari upplýsingar um umsóknarferlið  
má finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og  
[www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



## RESEARCH LAWYER

The EFTA Court in Luxembourg invites applications for the position of a research lawyer which is expected to fall vacant from 1 January 2014 for a period of one year, with the possibility of prolongation.

The post involves providing advice on both substantive and procedural points of law arising in cases before the EFTA Court, preparing drafts of judgments and procedural documents, as well as contributing to the deliberations of the Court through written notes.

Applicants should be qualified to practise law or have taught law at university level, be fluent in English (the Court's working language), and be fully conversant with European Union law. Familiarity with the EEA legal system would be an asset, as would significant relevant experience of legal practice or teaching - in particular working experience or traineeship at the Court of Justice of the European Union.

This is an important post that involves a high degree of responsibility. Competitive salary and working conditions are guaranteed accordingly.

Applications shall include the application form (available on the Court's website - under "the Court" / "vacancies"), a letter of motivation and copies of diplomas, together with the names and addresses of one or two referees who have experience of the applicant's work over the past years. They should be submitted by email to [application@eftacourt.int](mailto:application@eftacourt.int) and will be treated in strict confidence. Further details about conditions of employment are available on request.

Deadline for receipt of applications: **31 August 2013**. Questions regarding the Court or the post may be addressed to Philipp Speitler, at +352 42 10 83 23, or [philipp.speitler@eftacourt.int](mailto:philipp.speitler@eftacourt.int)

## Laus störf hjá Austurbrú

### Verkefnastjóri:

Á fræðslusviði með starfsstöð á Vopnafirði. Viðkomandi þarf að ferðast um fjórðunginn vegna starfa á öðrum starfsstöðvum.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þekking á menntamálum
- Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af gerð styrkumsókna er kostur

Helstu verkefni eru á sviði símenntunar og háskólanáms. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið [bergthora@austurbru.is](mailto:bergthora@austurbru.is). Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita: Bergþóra Arnórsdóttir, [bergthora@austurbru.is](mailto:bergthora@austurbru.is) sími: 4703804 eða Guðrún Áslaug Jónsdóttir, [guðrun@austurbru.is](mailto:guðrun@austurbru.is), sími 4703830.

### Verkefnastjóri:

Á markaðs og þróunarsviði með starfsstöð á mið Austurlandi. Viðkomandi þarf að ferðast vegna starfsins.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði í starfi og hæfni til teymisvinnu
- Góð reynsla af ferðamálum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af styrkjaumsóknum æskileg

Starfið felur í sér heildstæða markaðssetningu á Austurlandi með áherslu á Egilsstaðaflugvöll, samskipti og samstarf við markaðsstofurnar á landsvísi og ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið [austurbru@austurbru.is](mailto:austurbru@austurbru.is). Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita: Ásta Kristín Sigurjónsdóttir [asta@austurbru.is](mailto:asta@austurbru.is) og Jón Pálsson [jonp@austurbru.is](mailto:jonp@austurbru.is)

### Verkefnastjóri:

Á markaðssviði með starfsstöð á Egilsstöðum. Viðkomandi þarf að ferðast vegna starfsins.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði í starfi og hæfni til teymisvinnu
- Haldgóð þekking á svæðinu
- Reynsla af viðburðastjórnun æskileg
- Haldgóð þekking af vef og samfélagsmiðlum

Starfið felur í sér umsjón með og viðveru á Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum. Einnig felur starfið í sér önnur verkefni fyrir markaðssvið. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. Júlí.

Nánari upplýsingar veitir Jón Pálsson [jonp@austurbru.is](mailto:jonp@austurbru.is)

**Austurbrú ses.** er sjálfseignarstofnun byggð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Auk þess annast Austurbrú daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin er með sex starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Sjá nánar á [www.austurbru.is](http://www.austurbru.is).



## SLÖKKVILIÐSSTJÓRI



Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.000 talsins. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar í botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

**Akureyrarbær óskar eftir að ráða slökkviliðsstjóra hjá Slökkviliði Akureyrar. Starfsemi slökkviliðsins heyrir undir bæjartækniþæðing, sem einnig er yfirmaður framkvæmdadeildar.**

**Starfssvið:**

- Yfirumsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á faglegri starfsemi Slökkviliðs Akureyrar
- Starfsmannahald
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Samræming verkefna og eftirfylgni þeirra

**Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna starfi slökkviliðsstjóra. Einnig þurfa umsækjendur að skila inn prófskrá, ökuferilsskrá, og vera tilbúnir að gangast undir ítarlega lækni skoðun.**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).** Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) og Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum og Björn Heiðar Sigurbjörnsson, settur slökkviliðsstjóri ([bjornh@akureyri.is](mailto:bjornh@akureyri.is)) sími 461-4202.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Menntun á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg
- Stjórnunarnám í slökkvifræðum er kostur
- Uppfylla skilyrði reglugerðar nr.792/2001 og lög um brunavarnir nr. 75/2000
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Viðtæk reynsla af störfum sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður æskileg
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Gott líkamlegt- og andlegt atgervi
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji
- Sveigjanleiki, viðsýni og vilji til að tileinka sér nýjungar
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta ( Office 2010, One System, Mind Manager)
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði

Capacent Ráðningar  
Hvannavellir 14  
Sími 540 1000

capacent

## SVIÐSSTJÓRI REKSTURS OG ÞJÓNUSTU



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

**Embætti landlæknis óskar eftir að ráða sviðsstjóra fyrir nýtt svið reksturs og þjónustu sem kemur í stað stoðsviðs og skrifstofu landlæknis. Sviðsstjóri situr í yfirstjórn embættisins og heyrir beint undir landlækni. Starfið felur í sér fjölbreyttar og metnaðarfullar áskoranir til að ná þeim markmiðum sem embættið hefur sett sér.**

**Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með stjórnun og rekstri sviðsins sem felur m.a. í sér:**

- Fjármálastjórnun, reikningshald, áætlanagerð og fjárhagslegt eftirlit
- Innri þjónustu
- Mannauðsmál
- Rekstur tölvukerfis
- Skjalavistun, móttöku erinda og síma- og móttökupjónustu
- Útgáfu- og kynningarmál
- Húsnæðismál
- Önnur verkefni sem landlæknir felur honum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólagráða í viðskipta-, rekstrar- eða verkfræði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða stjórnáslu mikill kostur
- Reynsla sem stjórnandi nauðsynleg
- Reynsla af rekstrar- og fjármálastjórnun nauðsynleg
- Reynsla/þekking á sviði mannauðsmála mikill kostur
- Reynsla af rekstri tölvukerfis æskileg
- Þekking á sviði skjalastjórnunar og skipulagsmála mikill kostur
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, gjarnan vald á einu Norðurlandamáli

**Embætti landlæknis leitar að einstaklingi sem hefur leiðtogahæfileika og metnað til að skapa og þróa framsækið vinnuumhverfi. Hann þarf að sýna lipurð í mannlegum samskiptum, þola álag og vera skipulegur og sveigjanlegur í daglegum störfum sínum. Embættið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.**

Embætti landlæknis sinnir fjölmörgum lögbundnum verkefnum. Hlutverk embættisins skv. lögum er m.a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni embættisins. Lögbundnum verkefnum þess er skipt niður á fjögur kjarnasvið, það er áhrifaþætti heilbrigðis, sóttvarnir, eftirlit og gæði og heilbrigðisupplýsingar. Nýtt svið reksturs og þjónustu beinist að innra starfi embættisins og styður við starf kjarnasviðanna. Frekari upplýsingar um embættið er að finna á heimasíðu þess (<http://www.landlaeknir.is>).

**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent

## Slökkvilið Fjarðabyggðar Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður



Auglýst er laust til umsóknar starf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns á slökkvistöðinni að Hrauni á Reyðarfirði. Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykjöfun, björgun og neyðarflutninga. Laun eru skv. kjarasamningi LN og LSS.

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr. reglugerðar nr.792/2001, m.a.

- Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthæðslu eða innilokunarkennd.
- Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna: a) vörubifreið og b) leigubifreið.
- Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun (stúdentspróf) og reynslu.

Peir sem hafa löggildingu slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamanna ganga öðru jöfnu fyrir við ráðningu í starfið. Kröfur um viðbragð gera búsetu á Eskifirði eða Reyðarfirði nauðsynlega. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Fjarðabyggðar, [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is).

Umsóknir og fylgigögn skulu berast til slökkviliðsstjóra að Hrauni 2, 730 Reyðarfirði eða á netfang [mummi@fjardabyggd.is](mailto:mummi@fjardabyggd.is) eigi síðar en 3. júlí nk. Fylgigögn eru læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskrírteini.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgi Sigfússon slökkviliðsstjóri, [mummi@fjardabyggd.is](mailto:mummi@fjardabyggd.is)

## Yfirlæknir myndgreiningardeildar Krabbameinsfélags Íslands


Krabbameinsfélag Íslands óskar eftir að ráða yfirlækni í myndgreiningu á myndgreiningardeild Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins.

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Umsækjendur skulu hafa lækningaleyfi á Íslandi og fullgild réttindi í myndgreiningu (röntgen/geislagreiningu). Æskilegt er að viðkomandi umsækjandi hafi menntun og/eða reynslu af brjóstamyndum (mammógrafi), stjórnun og forvarnarstarfi eftir því sem við á.

Yfirlæknir stjórnar m.a. framkvæmd á hópleit með brjóstamyndum og sérrannsóknunum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Kristján Oddsson sviðsstjóri leitarviðs í síma 540 1900 (netfang [ko@krabb.is](mailto:ko@krabb.is)). Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík merkt „Yfirlæknir“ eða með tölvupósti á netfangið [ko@krabb.is](mailto:ko@krabb.is) fyrir 1. ágúst 2013.



Krabbameinsfélag Íslands  
Skógarhlíð 8  
105 Reykjavík

Sími 540 1900  
[www.krabb.is](http://www.krabb.is)  
[krabb@krabb.is](mailto:krabb@krabb.is)



## Gröfumaður óskast

Vanur gröfumaður óskast.  
Mikill vinna í boði fyrir góðan starfskraft

Upplýsingar veitir Jón Hákon í síma 693 7319



British Embassy  
Reykjavík

## Job Opportunity – Communications Officer

An excellent opportunity has arisen within the British Embassy for a suitably qualified individual to join our team on a full time basis. The Communications Officer will manage the Embassy web site and social media channels and support the wider team covering media and public affairs activity.

Please visit <https://www.gov.uk/government/world/organisations/british-embassy-reykjavik/about/recruitment> for full information regarding the role.

Interested parties should send a CV and covering letter to [info@britishembassy.is](mailto:info@britishembassy.is), the closing date for applications is Sunday 23 June 2013. Please note, we are unable to confirm receipt of applications, only those candidates who are successful in the initial sift will be contacted and invited to attend an interview.



Gæðabakstur Ömmubakstur ehf auglýsir eftir starfsmanni á lager í 100% starf.

### Starfssvið:

Sjá um allt sem við kemur lager, vörumóttaka og fl.

### Hæfniskröfur:

- Skrifa og tala íslensku
- tölvufærni
- Stundvísi og reglusemi
- Góð skipulagsfærni
- Góð mannleg samskipti

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á

[Villi@gaedabakstur.is](mailto:Villi@gaedabakstur.is) fyrir 25.06.2013

Tölvustöð er ört vaxandi þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem kappkostar að veita viðskiptavinum sínum persónulega og trausta þjónustu á sanngjörnu verði. Við leggjum ríka áherslu á gott starfsumhverfi þar sem lagt er upp úr því að starfsmenn þroskist og nái góðum árangri í starfi. Helstu gildi Tölvustöða eru þróun, þekking og þjónusta.

Tölvustöð leitar að öflugum og hressum einstaklingum í eftirtalin störf. Við leitum að metnaðarfullum aðilum sem eru reiðubúnir að taka að sér fjölbreytt störf og taka þátt í uppbyggingu á ungu tæknifyrirtæki í örur vexti.

### Skrifstofustarf

#### Starfssvið

Starfið felst meðal annars í símasvörun, skráningu á þjónustu-beiðnum, færslu á bókhaldi og vinna við vef/samfélagsmiðla. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af störfum við tækniþjónustu er kostur
- Mikill áhugi á tækni
- Skipulagshæfileikar, sveigjanleiki, drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### Kerfisstjóri

#### Starfssvið

Starfið felst meðal annars í rekstri og uppbyggingu á grunnkerfum fyrirtækisins, þjónustu við viðskiptavinum, eftirlit og vöktun með búnaði og kerfum auk tilfallandi verkefna.

#### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kerfisrekstri
- Reynsla af störfum við tækniþjónustu
- Mikill áhugi á tækni
- Skipulagshæfileikar, sveigjanleiki, drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Með umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um menntun og starfsferil. Umsóknum skal skila á netfangið [atvinna@tolvustod.is](mailto:atvinna@tolvustod.is).

Tölvustöð



Verbraut 3a, 240 Grindavík | Sími: 426 7700

## Einhamar Seafood ehf. leitar að verkstjóra í bolfiskvinnslu fyrirtækisins

### Starfssvið:

- Dagleg stjórnun vinnslu og aðstoðarmaður framleiðslustjóra.
- Staðgengill framleiðslustjóra.
- Eftirlit með mótteknu hráefni og framleiðsluafurðum.
- Úrvinnsla mælinga og önnur gagnavinnsla.
- Önnur tilfallandi verkefni í fiskvinnslunni.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking af sjávarútvegi nauðsynleg.
- Reynsla af verkstjórn nauðsynleg.
- Þekking á Marel búnaði og kerfum- Innova, mikill kostur.
- Lyftararéttindi skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.

Upplýsingar gefur Alda Gylfadóttir, viðskiptastjóri félagsins í síma 867-0370. Umsóknir sendist á [alda@einhamarseafood.is](mailto:alda@einhamarseafood.is).

Umsóknarfrestur er til og með 1.júlí 2013


# Waldorfkennarar

Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík  
auglýsir lausar stöður við skólann  
n.k. skólaár 2013-2014.

## Bekkjarkennari á miðstigi.

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur að leiðarljósi uppeldis- og kennslufræði Rudolfs Steiner, þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins, listræn framsetning og úrvinnsla námsefnis og heilbriggt félagslegt umhverfi eru sett í forgunn.

Nánari upplýsingar hjá solstafir@waldorf.is.



### Hæfniskröfur:

Leiðtogaþæfileikar með áherslu á frumkvæði, sveigjanleika, jákvætt viðmót, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð. Reynsla í starfi með unglíngum. Hreint sakavottorð. Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði tómstunda og eða kennslu er æskileg.

Í Ungmenna- og tómstundaþúðunum dvelja nemendur í 9. bekk við leik og störf frá hádegi á mánudegi til hádegis á föstudögum.

Nánari upplýsingar á [www.ungmennabudir.is](http://www.ungmennabudir.is)

Umsóknarfrestur er til 30. júní. Umsóknum skal skilað rafrænt á [laugar@umfi.is](mailto:laugar@umfi.is)



## KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

### VERKFRÆÐINGUR/SÉRFRÆÐINGUR: EFTIRLIT MEÐ RAFKERFUM/MÆLITÆKJUM FLUGVÉLA

Laust er til umsóknar hjá Icelandair starf verkfræðings/sérfræðings í eftirliti með rafkerfum og mælitækjum flugvéla.

#### STARFSSVIÐ:

- Eftirlit með viðhaldi á rafkerfum flugvéla
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við viðhald flugvéla og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón tæknigagna er snúa að viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Fylgjast með og skrá breytingar á álagi á rafkerfi flugvéla
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og ihluta
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit

#### HÆFNISKRÖFUR

- Próf í rafmagnsverkfræði/rafmagnstæknifræði, próf í flugvélafræði eða flugvirkjanám sem gefur B2 réttindi
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta, þ.m.t. kunnátta á teikni- og textaforrit
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Öguð og góð vinnubrögð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Nánari upplýsingar veita:

Unnar Sumarliðason | [unnar@its.is](mailto:unnar@its.is)  
Steinunn Una Sigurðardóttir | [unasig@icelandair.is](mailto:unasig@icelandair.is)

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 23. júní 2013.

ICELANDAIR



Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um störf. Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum um störf þurfa að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júní. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Jarðfræðingur og starfsmaður á rannsóknarstofu

Próunarsvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða jarðfræðing í fullt starf og starfsmann á efnarannsóknarstofu í hálfstarf. Sóst er eftir starfsmönnum sem hafa til að bera góða samstarfshæfni, þjónustulund og eru sjálfstæðir og agaðir í vinnubrögðum.

### Jarðfræðingur

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Mat á vinnslugetu borhola á háhitasvæðum
- Úrvinnslu vinnslugagna
- Jarðfræðiráðgjöf við boranir

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í jarðfræði
- Víðtæk reynsla á sviði jarðhita og grunnvatns
- Þekking og reynsla af borverkum æskileg
- Þekking og reynsla af styrkjaumsóknum æskileg

### Starfsmaður á rannsóknarstofu

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Efnagreiningar á vatni og gufu
- Móttaka sýna, skráning þeirra í gagnagrunna og varðveisla
- Undirbúningur sýna og sending á viðkomandi rannsóknarstofu
- Almenn umsjón rannsóknarstofu

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf
- Reynsla af vinnu á rannsóknarstofu

FRAMSÝNI – HAGSÝNI – HEIÐARLEIKI





## Laus störf í heilsuleikskólum hjá Skólum ehf.

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa samkvæmt **Heilsustefnunni** og leggja ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Því leitum við að samstarfsfólki sem:

- Er tilbúð til að tileinka sér starfsaðferðir leikskólans
- Hefur áhuga á heilsueflingu, umhverfismennt og gefandi samskiptum
- Er tilbúð til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samvirkusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvætt viðhorf í dagsins önn.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!

## Heilsuleikskólinn Hamravellir í Hafnarfirði

Auglýsir eftir:

- Fagstjóra í listasmiðju í 75% stöðu.

Heilsuleikskólinn Hamravellir er fimm deilda leikskóli með um 120 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Ragnheiður Gunnarsdóttir, skólastjóri, í síma 424-4640.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/>



STÆRSTA TÍMARITAÚTGÁFUFEÐLAG Á ÍSLANDI ÓSKAR EFTIR

## SÖLUFÓLKI Í ÝMIS VERKEFNI

Birtingur er að leita eftir hressu herferðarstarfsfólki í skemmtileg söluverkefni í sumar. Starfið hentar vel sem aukavinna og hlutfall vinnustunda er umsemanlegt.

Hæfniskröfur

- Hressleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði
- Söluhæfileikar

Hvetjum hresst fólk á öllum aldri til að sækja um. Áhugasamir sendið umsókn á [olafur@birtingur.is](mailto:olafur@birtingur.is)

Umsóknarfrestur er til 1. júlí næstkomandi

BIRTINGUR ÚTGÁFUFEÐLAG | LINGÁSI 17 | 210 GARDABÆ  
S: 515-5500 | WWW.BIRTINGUR.IS

## Ungbarnaheilsuleikskólinn Ársól í Reykjavík

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu
- Matráði í 70-75% stöðu.

Ungbarnaheilsuleikskólinn Ársól er tveggja deilda leikskóli með 48 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Berglind Grétarsdóttir leikskólastjóri, sími 563-7730.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/>

## Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi

Auglýsir eftir:

- Proskapjálfa í 100% stöðu
- Deildarstjóra í 100% stöðu
- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu
- Aðstoðarmatráði í 25% stöðu.

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda leikskóli með um 120 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Bjarney K. Hlöðversdóttir, skólastjóri, í síma 570-4940.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/>

## Heilsuleikskólinn Háaleiti á Ásbrú, Reykjanesbæ

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu
- Aðstoðarmatráði í hlutastarf.

Heilsuleikskólinn Háaleiti er þriggja deilda leikskóli með um 60 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Póra Sigrún Hjaltadóttir, skólastjóri, í síma 426-5276.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/>

## Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara í 100% stöðu.

Heilsuleikskólinn Krókur er fjögurra deilda leikskóli með um 100 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Hulda Jóhannsdóttir, skólastjóri, í síma 426-9998.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/>



Heilsuleikskólar Skóla eru:

Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ, Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og Ungbarnaheilsuleikskólinn Ársól í Reykjavík.



## Viltu starfa á Sólheimum?

Finnt þér gaman að vinna fjölbreytta vinnu með skemmtilegu fólki í fallegu umhverfi? Þá er þetta starf fyrir þig!

Okkur vantar fólk í fullt starf og í afleysingar. Unnið er á vöktum í sjö daga og frí sjö daga. Fritt fæði og húsnæði á vaktatíma. Um er að ræða vinnu með fötluðu fólki til stuðnings í athöfnum daglegs lífs. Menntun sem nýtist í starfi, almenn færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf er það sem við erum að leita eftir.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Jóna Kristjánsdóttir í síma 480 4414 - 860 2690 eða [runajona@solheimar.is](mailto:runajona@solheimar.is)



Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningarmálum í 83 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100 manns. Rekin er fjölbætt atvinnustarfssemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakarí, matvinnslu og gistiheimili. Á staðnum eru sex mismunandi listasmiðjur, leirgerð, kertagerð, listasmiðja, vefstofa, jurtastofa og smíðastofa. Menningarstarfssemi er fjölbætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafrn, kirkja, fræðasetrið Sesseljúhús umhverfissetur og íþróttaleikhús.

## Leikskólakennarar



Á Leikskólann Laugalandi vantar Leikskólakenna karl eða konu.

Leitað er eftir áhugasömum, metnaðarfullum einstaklingi sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Leikskólinn Laugalandi er um 34 barna einnar deildar leikskóli staðsettur í Rangárvallasýslu, í um 100 km fjarlægð frá Rvk. Áhersla í starfi leikskólans er traust og góð umönnun, leikur og vellíðan barnanna. Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn. Næsta vetur verður unnið að þróunarverkefni með áherslu á ART kennslu, tækni og þróun nýs námsmats.

Hægt er að skoða námskrá á heimasíðu leikskólans.

Möguleiki er á aðstoð við að finna húsnæði ef þarf. Umsóknarfrestur er til 1. júlí. Athugið að hægt er að sækja um starf á heimasíðu skólans.

Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediktsdóttir, leikskólastjóri. Sími leikskóla: 487-6633  
Sigrún Björk: 487-6530 / 868-4226

Veffang: <http://www.leikskolinn.is/laugaland>  
Netfang: [leikskolinn@laugaland.is](mailto:leikskolinn@laugaland.is)

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## VIÐ LEITUM AÐ GÓÐU FÓLKI

### SÖLUMAÐUR VINNUVÉLA OG LYFTARA

Við leitum af starfskrafti með reynslu af sölumennsku og metnaði til að ná árangri. Reynsla af vinnuvélum og/eða lyfturum er kostur. Starfið er krefjandi og kallar á ferðalög innanlands sem erlendis.

### VIÐGERÐARMAÐUR

Við leitum að starfskrafti með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða. Menntun í faginu er mikill kostur en ekki skilyrði

Ferilskrá sendist á [atvinna@velafl.is](mailto:atvinna@velafl.is)  
Umsóknarfrestur er til **26. júní 2013**.



Hvaleyrarbraut 20, 220 Hafnarfjörður Sími: 575 2400

## Doktorsnemi

í líf- og læknávisindum

Læknadeild Háskóla Íslands auglýsir lausa til umsóknar þriggja ára launaða stöðu doktorsnema.

**Verkefnið heitir:** Klínískar rannsóknir á góðkynja einstofna mótefnahækkun, með áherslu á fylgikvilla og horfur.

Verkefnið er fjármagnað af styrk frá RANNÍS. Viðfangsefni doktorsnemans verður að rannsaka fylgikvilla einstaklinga með forstíg mergæxlis. Leiðbeinandi nemandans verður Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í blóðsjúkdómum við Landspítala Háskólasjúkrahús.

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2013. Ráðið er í starfið til þriggja ára frá 1. september 2013.

### Hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa BS-gráðu í heilbrigðisvísindum eða skyldum greinum. Meistarapróf, tölfræðipekking og reynsla af rannsóknum er æskileg. Valið verður úr umsóknum á grundvelli námsárangurs, starfsreynslu og tengingar bakgrunns og menntunar við viðfangsefni verkefnisins.

Frekari upplýsingar veitir dr. Sigurður Yngvi Kristinsson, [sigyngvi@hi.is](mailto:sigyngvi@hi.is).

Nánari upplýsingar um umsóknarferlið má finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og [www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIRAN TVBYA • SIA • 131912

# NETTÓ GRANDA

## EFTIR FÁEINAR VIKUR OPNAR NETTÓ NÝJA STÓRVERSLUN Á GRANDA

Með nýju búðinni mun Nettó starfrækja 11 lágvöruverðsverslanir á landinu, þar af 4 á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. á Grandanum, í Mjódd, Hverafold og við Salaveg í Kópavogi.

## VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGU STARFSFÓLKI TIL LIÐS VIÐ OKKUR

- Starfsfólk í almenn afgreiðslustörf, hlutastörf og heilsdagsstörf
- Umsjón grænmetis- og ávaxtadeildar
- Umsjón kjötdeildar
- Umsjón í mjólkurdeild
- Umsjón með bakstri

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá sendist á [umsokn@netto.is](mailto:umsokn@netto.is) fyrir 23. júní. Allar nánari upplýsingar veitir Falur J. Harðarson, starfsmannastjóri í síma 421-5400.

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**



**nettó**  
Kræsingar & kostakjör  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

## HAGKAUP INNKAUPADEILD

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

**Hagkaup óskar eftir að ráða innkaupamann fyrir skemmtiefni og raftæki. Starfið er fólgið í vöruflokkastjórnun, birgðastýringu, sölu og markaðsmálum, samskiptum við birgja og starfsfólk verslana, tölvuvinnslu, skýrslugerð ofl.**

- Við leitum að starfsmanni sem hefur áhuga á kaupmennsku, skemmtiefni, raftækjum og tölvutækni. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi, hafi háskólapróf sem nýtist í starfi og geti unnið sjálfstætt og vel undir álagi.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á [starfsmannahald@hagkaup.is](mailto:starfsmannahald@hagkaup.is). Umsóknarfrestur er til 19. júní.
- Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannastjóri í síma 563-5000.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## HAGKAUP INNKAUPADEILD

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

**Hagkaup óskar eftir að ráða aðstoðarmann í innkaupadeild. Starfið er fólgið í tölvuvinnslu, skýrslugerð, samskiptum við birgja og starfsfólk verslana.**

- Við leitum að einstaklingi sem er nákvæmur og góður í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjandi hafi a.m.k. stúdentspróf, þekkingu á Navision og geti unnið sjálfstætt og vel undir álagi.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á [starfsmannahald@hagkaup.is](mailto:starfsmannahald@hagkaup.is) fyrir 19. júní.
- Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannastjóri í síma 563 5000.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## HÁRSNYRTIR VANTAR TIL SÖLUSTARFA - HLUFASTARF

Innflutningsfyrirtæki leitar eftir sjálfstæðum, metnaðarfullum og hressum sölumanni.

Starfið felst í kynningu og sölu á hárvörum o.fl. – Athugið að um hlutastarf er að ræða.

Menntun í hársnyrtið nauðsynleg og ekki verða að hafa reynslu af sölustarfi.

Þarf að búa yfir jákvæðni, skipulagshæfni og góðri þjónustulund.

Góð íslensk-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 25.júní 2013 á [box@frett.is](mailto:box@frett.is)

## FINNST ÞÉR ÞETTA GÓÐ ATVINNUAUGLÝSING?

**Viðskiptaráð Íslands leitar að sérfræðingi í samskipta- og upplýsingamálum**

Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við bjóðum upp á lifandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigin starfsumhverfi og verklag.

### Helstu verkefni:

- Umsjón með upplýsingamiðlun ráðsins, s.s. innri og ytri samskiptum, vefsíðu og útgáfumálum
- Skipulagning viðburða á vegum ráðsins
- Umsjón með hönnun og umbroti
- Aðstoð við framsetningu og vinnslu á rituðu efni og kynningum
- Aðstoð við greiningarvinnu tengda efnahagsmálum og rekstrarumhverfi fyrirtækja
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun við hæfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Reynsla í samskiptum og upplýsingamiðlun
- Reynsla af hönnun, umbroti og upplýsingatækni er mikill kostur (InDesign, Photoshop, Powerpoint, Prezi, Excel o.fl.)
- Þekking á fjölmiðlaumhverfi og samskiptamiðlum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á [hulda@vi.is](mailto:hulda@vi.is) fyrir **30. júní 2013**. Nánari upplýsingar veitir Haraldur I. Birgisson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs í síma 510-7100.

Viðskiptaráð Íslands er heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á vef þess, [www.vi.is](http://www.vi.is)

Sameiginlegur vettvangur  
íslensks viðskiptalífs

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

## Hugbúnaðarþróun á ljóshraða?

365 miðlar eru að leita að snjöllum hugbúnaðarmanni í þróunarteymi sem mun umbylta efnisveitu á Netinu eins og hún þekkist í dag.


Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á java, python, sql, rest/json git og linux. Góð grundvallar þekking á JS, jQuery, CSS og HTML er einnig nauðsynleg. Ef í þér býr eldmóður og ert að leita þér að starfi þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við úrlausn verkefna þá bjóðum við upp á vinnustað þar sem þú getur bætt við þekkingu þína og vaxið sem einstaklingur.

Við keyrum agile-verklag, og lean startup hugmyndafræðina. Við hugsum eins og frumkvöðlar.

Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærileg reynsla ásamt amk. 2 ára reynsla í starfi er skilyrði.

Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Sótt er um á vef [365 miðla, 365miðlar.is](http://365miðla.com). Umsóknarfrestur er til og með 21. júní nk.



365

## Starfsmaður á skrifstofu

Ásatrúarfélagið óskar eftir starfsmanni á skrifstofu sína. Um er að ræða hálfstarf sem felst að miklu leyti í samskiptum við fólk.

Umsækjandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, hafa skipulagshæfileika og geta unnið sjálfstætt. Gott vald á ensku er skilyrði og reynsla af almennum skrifstofustörfum æskileg.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar; Asatru.is  
**Umsóknarfrestur er til 1. júlí** og umsóknir ásamt ferilskrá sendist til: asatru@asatru.is merkt „**UMSÓKN**“

## Verslunarstjóri á kaffihúsi Kaffitárs í Bankastræti

Kaffitár leitar að áhugasömum og lífsglöðum kaffiunnanda í starf verslunarstjóra á kaffihúsið í Bankastræti.

Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri kaffihússins og starfsmönnum þess.

Leitað er að einstaklingi sem er kaffiunnandi, sjálfstæður í vinnubrögðum, hugmyndaríkur og lípur í samskiptum. Sambærileg starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

Kaffitár í Bankastræti skipar sérstakan sess í hugum margra. Fastagestir og líflegir kaffinóðar gera kaffihúsið að einstökum vinnustaði.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) til og með 23. júní 2013. Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet Sverrisdóttir í netfanginu [elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is).

Kaffitár framleiðir og selur einungis úrvaskaffi. Við leggjum áherslu á gæði og ferskleika. Við erum skemmtileg, alúðleg, umhverfisvæn, litaglóð og líka róff og töff. Við setjum fólk í fyrirúm og opnum hjarta okkar til að koma boðskap Kaffitárs til skila og tengjast viðskiptavinum okkar traustum böndum. Við kaupum kaffi án krókaletta til að stuðla að því að við fáum besta kaffi sem völ er á og að bændurnir fái sanngjarnt verð fyrir vöru sína.

kaffitar.is




# Þroskaþjálfari óskast

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar eftir þroskaþjálfara til starfa með einhverfum og þroskahömluðum nemanda.

Þroskaþjálfinn mun starfa sjálfstætt með nemandanum og jafnframt fylgja honum í kennslustundir. Um fullt starf er að ræða. Starfið er laust frá 20. ágúst 2013 og **umsóknarfrestur er til 21. júní**.

Upplýsingar veitir Fjölmenntun Ásbjörnsson skólastjóri Fjölmenningskóla, [fa@tskoli.is](mailto:fa@tskoli.is) og 821 5647.



Tækniskólinn  
skóli atvinnulífsins

[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)



Reykjavíkurborg  
Umverfis- og skipulagssvið



## Deildarstjóri óskast á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir deildarstjóra á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Skrifstofan annast m.a. rekstur á vetrarþjónustu, hreinsun, garðyrkju, grasslætti, umferðarlýsingu og rekstur hverfa og verkþækistöðva. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14 og er næsti yfirmaður skrifstofustjóri.

### Helstu verkefni og ábyrgð.

- Yfirstjórn hverfa- og verkþækistöðva austan Elliðaána
- Ábyrgð á ýmsum málaflokkum skrifstofunnar
- Ábyrgð á starfsmannamálum
- Ábyrgð á verkferlastýringu og skipulagningu verkefna
- Gerð kostnaðar- og fjárhagsáætlana - Eftirfylgni áætlana
- Verkbókhalda, yfirferð og samþykkt reikninga
- Vinna við gatnavef
- Vinna í samræmi við umhverfis og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar
- Samskipti við birgja
- Kostnaðarútreikningar
- Útboðsgerð
- Ábyrgð á gæða- og öryggismálum

### Menntunar- og hæfniskröfur.

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun sem nýtist á starfssviðinu er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun á sambærilegu sviði
- Reynsla af fjárhagsáætlunargerð
- Reynsla af stjórnun mannauðs
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi
- Þekking á umhverfismálum kostur
- Tölvufærni í Word og Excel og góð færni í skýrslugerð
- Kostur að hafa þekkingu á starfsemi Reykjavíkurborgar og stofnana hennar

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2013

Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) undir „Laus störf“ - Deildarstjóri á skrifstofu reksturs og umhirðu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðjóna Björk Sigurðardóttir, skrifstofustjóri í síma 411-1111 netfang: [gudjona.bjork.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:gudjona.bjork.sigurdardottir@reykjavik.is) og Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri í síma 411-1111 netfang: [asdis.asbjornsdottir@reykjavik.is](mailto:asdis.asbjornsdottir@reykjavik.is)

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspeglja fjölbreytileika reykivísku samfélags. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda.



Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð ses., hefur það hlutverk að skipuleggja á eigin vegum og í samstarfi við aðra símenntunar- og fræðsluáðila símenntun fyrir fatlað fólk 20 ára og eldra.

## Forstöðumaður

Fjölmennt óskar eftir forstöðumanni til að hafa yfirstjórn með allri starfsemi stofnunarinnar, símenntunardeild annars vegar og ráðgjafardeild hins vegar. Forstöðumaður starfar í umboði stjórnar Fjölmenntar og ber ábyrgð gagnvart henni á daglegri starfsemi stofnunarinnar.

### Helstu verkefni

- Að vera faglegur leiðtogi í starfi stofnunarinnar og uppbyggingu hennar
- Að bera ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri stofnunarinnar
- Að bera ábyrgð á samskiptum við aðra símenntunaraðila á grundvelli þjónustusamninga
- Að bera ábyrgð á skipulagi samstarfs við nemendur og aðstandendur þeirra, heimili og vinnustaði
- Að annast önnur verkefni sem stjórn stofnunarinnar felur honum

### Hæfniskröfur

- Gerð er krafa um meistaraþróf í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á fullorðinsfræðslu eða sérkennslu
- Menntun og reynsla á sviði stjórnsýslu og reksturs er nauðsynleg

## Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson  
[thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)

Umsækjendur skulu í umsókn sinni greina frá menntun, reynslu og hæfni með vísan til framan-greindra skilyrða.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

# Hársnyrtir

Óskum eftir að ráða hársnyrti á stofu í Austurbænum sem fyrst.

Upplýsingar í síma 899 6637 eða 863 7949



## Bókari óskast

Cu2.ehf óskar eftir að ráða reyndan bókara.  
Um er að ræða 50% starf.

### Starfssvið:

Bókhald í DK.  
Almenn skrifstofustörf.

### Kostir:

Viðurkenndur bókari.  
Reynsla í Stólpa & DK.  
Rík hæfni í mannlegum samskiptum.  
Góð exelkunnáttá.

### Vinnsamlegast sendið ferilsskrá til:

Harald Isaksen, framkvæmdastjóra á netfandið:harald@hos.is



## LAUSAR STÖÐUR HJÁ LANGANESBYGGÐ LEIKSKÓLAKENNARAR

Leitað er eftir áhugasömum og metnaðarfullum leikskólakennurum til að starfa við leikskólann Barnaból á Þórshöfn á næsta skólaári.


### Nánari upplýsingar veita:

Haldóra Jóhanna Friðbergdóttir, leikskólustjóri  
S: 468 1303 og 862 4371- barnabol@langanesbyggd.is  
Sigríður Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri  
S: 468 1220 og 892 0515 – sirry@langanesbyggd.is

### Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2013.

Umsóknum má skila rafrænt á sirry@langanesbyggd.is eða á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



## Sérfræðilæknir í blóðlækningum

Starf sérfræðilæknis í blóðlækningum er laust til umsóknar. Starfið veitist frá 1. september 2013 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu- og göngudeildum blóðlækninga
- » Vinna við ráðgjöf í blóðlækningum
- » Vinna í almennum lyflækningum og bráðalyflækningum í samráði við yfirlækni blóðlækninga
- » Þátttaka í vaktþjónustu blóðlækna
- » Þátttaka í kennslu og rannsóknarstarfi

### Hæfnikröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í alm. lyflækningum með blóðlækningar sem undirsérgrein
- » Breið þekking og reynsla í almennum lyflækningum
- » Mikil reynsla af kennslu og rannsóknnum
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð samskiptum

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2013.
- » Upplýsingar veitir Hlíf Steingrimsdóttir, yfirlæknir, netfang hlifst@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Hlíf Steingrimsdóttur, yfirlækni, LSH Blóðlækningar 20A við Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## MEDGÖNGU- OG SÆNGURKVENNADEILD Ljósmaður

Laus eru til umsóknar þrjú störf ljósmaðra á meðgöngu- og sængurkvennadeild LSH. Á deildinni dvelja konur sem þurfa innlögn og náð eftirlit á meðgöngu og þegar frávik eru í sængurlegu. Einnig þjónar deildin konum við missi á meðgöngu við 12-22 vikna meðgöngu. Veitt er fagleg umönnun með fjölskylduhjúkrun að leiðarljósi. Deildin hefur verið endurnýjuð mikið á undanförunum árum og aðstaða fyrir skjólstaðinga verið bætt mikið.

Leitað er eftir ljósmaðrum með sterka faglega sýn og sem hafa áhuga á að taka þátt í faglegri uppbyggingu á deildinni í góðu starfsumhverfi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Ljósmaðir skipuleggur og veitir umönnun í samráði við skjólstaðinga og ber ábyrgð á störfum samkvæmt starfslýsingu. Jafnframt vinnur hún að þróunar- og gæðaverkefnum sem stuðla að faglegri uppbyggingu á deildinni.

### Hæfnikröfur

- » Íslensk ljósmaðurleyfi
- » Góð samskiptahæfni
- » Faglegur metnaður

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2013.
- » Starfshlutfall er 60-80% og veitast störf frá 1. september eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Helga Sigurðardóttir, deildarstjóri, helgsig@landspitali.is, sími 824 5312.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Handavinnukennari óskast

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík óskar eftir handmenntakennara frá 1. ágúst 2013

Til greina kemur frá áramótum 2014.

Kennslugreinar fatasaumur og annar vélsaumur ásamt útsaum.

Framhaldsskólaréttindi skilyrði.

Umsóknarfrestur til 1. Júlí. 2013

Umsókn sendist til Hússtjórnarskólans í Reykjavík, Sólvallagötu 12, 101 Reykjavík

# Verkefnastjóri á ljóshraða?

365 miðlar eru að leita að snjöllum verkefnastjóra í þróunarteymi.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á agile hugmyndafræðinni og hafa reynslu af verkefnastjórnun á sviði upplýsingatækni.


Ef í þér býr eldmóður og ert að leita þér að starfi þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við úrlausn verkefna þá bjóðum við upp á vinnustað þar sem þú getur bætt við þekkingu þína og vaxið sem einstaklingur.

Ef þú hefur bakgrunn í hugbúnaðarþróun og getu til að meta umfang og gæði vinnubragða þá er það kostur.


Við keyrum lean startup hugmyndafræðina og hugsun eins og frumkvöðlar.

Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Sótt er um á vef 365 miðla, 365miðlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. júní nk.







## BRÁÐAGEÐDEILD

### Yfirlæknir

Starf yfirlæknis á bráðageðdeild 32C við Landspítala er laust til umsóknar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri geðsviðs.

Deildin er 8 rúma bráðageðdeild og þjónar einstaklingum sem þurfa greiningu og meðferð vegna geðrænna vandamála. Áhersla er lögð á teymisvinnu og einstaklingsmiðaða þjónustu. Deildin sinnir einnig deild 32BP þar sem eru tvö bráðarúm ætluð til skammtímavistunar í allt að einn sólarhring.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð
- » Fjárhagsleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð

#### Hæfniröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í geðlækningum og viðtæk reynsla af meðhöndlun geðsjúkdóma
- » Stjórnunarreynsla
- » Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni eru skilyrði
- » Reynsla í kennslu- og vísindavinnu

#### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí 2013.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 15. ágúst 2013, til 5 ára í samræmi við stefnu LSH.
- » Upplýsingar veita Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri, pallmatt@landspitali.is, sími 543 4077 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, mariaein@landspitali.is, sími 824 5404.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritmiðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Páli Matthíassyni, framkvæmdastjóra geðsviðs, LSH 34A við Hringbraut.
- » Umsóknir verða sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mats stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
- » Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## HEILBRIGÐIS- OG UPPLÝSINGATÆKNIDEILD (HUT)

### Verkefnastjóri

Leitum eftir öflugum aðila til að m.a. byggja upp og stýra rekstrarvakt heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar LSH. Hlutverk rekstrarvaktar er umsjón og samræming viðbragða við bilunum og rekstrartruflunum í samræmi við viðbragðsáætlanir HUT. Viðkomandi mun vinna náið með gæða- og öryggisstjóra og hafa mikið samstarf við allar starfseiningar HUT.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Byggja upp og stýra rekstrarvakt HUT
- » Þróun og viðhald gæða- og öryggismála
- » Verkefnastjórnun og greining nýrra tækifæra

#### Hæfniröfur

- » Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla sem nýtist í starfi er æskileg
- » Faglegur metnaður
- » Hæfni í mannlegum samskiptum

#### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2013.
- » Starfshlutfall er 100% og eru störfin laus frá 15. ágúst 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar um starf verkefnastjóra veitir Jóhann Bjarni Magnússon, gæða- og öryggisstjóri HUT, johannb@landspitali.is, sími 824 5382.
- » Upplýsingar um starf tæknimanns veitir Hjörleifur Halldórsson, rekstrarstjóri HT, hjorleih@landspitali.is, sími 825 5048.

Landspítali er stærsti vinnustaður landsins með um 4.600 starfsmenn.

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild hefur umsjón með öllum tölvukerfum spítalans, lækningatækjum, tölvum og öðrum tæknibúnaði. Á deildinni starfa rúmlega 70 starfsmenn. Hlutverk deildarinnar er að styðja við kjarnastarfsemi spítalans, enda er heilbrigðis- og upplýsingatækni ein megin forsenda hagræðingar og framþróunar í starfsemi hans. Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild LSH er vottuð samkvæmt ISO-27001 öryggisstaðlinum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Hamar ehf. Vélsmiðja

Auglýsir eftir tækni- og söluráðgjafa á tæknideild í Kópavogi



#### Áherslur starfssviðs eru :

- Sölufulltrúi á vélbúnaði til mjöl- og matvælaframleiðslu
- Samningagerð, tilboð, áætlanir og ráðgjöf fyrir viðskiptavinum
- Gerð söluáætlana og ráðgjöf fyrir stjórnendum Hamars
- Fylgjast með markaðsmálum og hafa frumkvæði að verkefnum og sölutækifærum
- Virkja tengslanet og alþjóðleg samskipti sem tengjast tækni og söluráðgjöf

Meðal verkefna eru fundir og ráðstefnur og mikilvægt er að viðkomandi hafi framúrskarandi samskiptahæfileika og eiga auðvelt með vinnutengd ferðalög bæði til skemmi og lengri tíma.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðeigandi framhaldsmenntun sem nýtist í málum og véltækniönaði
- Menntun á sviði vöruhönnunar og þróunar á framleiðslubúnaði telst ákjósanlegur kostur
- Lönnmenntun á sviði málum og / eða véltækniönaðar
- Starfsreynsla í sölu og markaðsmálum
- Starfsreynsla í áætlanagerð, tilboð, útboð og samningatækni
- Góð tungumálakunnátta í ræðu og riti. Áhersla á Íslensku, skandinavísku og ensku

#### Ráðningaferli:

Vinsamlegast fyllið út atvinnuumsókn á heimasíðu Hamars, [www.hamar.is](http://www.hamar.is) undir „Atvinna í boði“ Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðargögn.

#### Um Hamar ehf.

Hamar ehf. er í dag áreiðanlegt og framsækið þekkingarfyrtæki á sviði mál- og véltækniönaðar. Öflugt þjónustunet fyrirtækisins nær yfir allt landið.

- Heildarlausnir fyrir iðnað
- Vélavíðgerðir og vélsmiði
- Spilvíðgerðir
- Vöru- hönnun, þróun og tæknileg aðstoð
- Stálsmíði úr svörtu / ryðfriú stáli og áli
- Rennismiði í sérsmiði og fjöldaframleiðslu
- Tjakka- smíði og víðgerðir, sérsmiði og framleiðsla

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu Hamars: [www.hamar.is](http://www.hamar.is)

Umsóknarfrestur er til og með : 24.júní 2013



## Tölvumaður óskast

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir tölvumanni í 100% starf í notendapjónustu á Hvanneyri

**Meginverkefni:** Aðstoð við starfsfólk og nemendur, ásamt viðhaldi og uppsetningu á tölvubúnaði. Önnur verkefni á þessu sviði sem starfinu tengjast.

**Æskileg menntun, reynsla og hæfni:** Nám í tölvunarfræði eða önnur samsvarandi menntun sem nýtist vel í starfinu eða töluverð reynsla á þessu sviði. Góð þekking á tölvum og Microsoft hugbúnaði. Ábyrgð, vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Góð færni í mannlegum samskiptum.

**Vinnustaður:** Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

**Launakjör:** Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

**Upplýsingar:** Nánari upplýsingar veitir *Guðjón Helgi Þorvaldsson*, umsjónamaður tölvumála, netfang [gudjon@lbhi.is](mailto:gudjon@lbhi.is), sími 8435311. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

**Umsóknarfrestur:** Umsóknarfrestur er til 1. júlí. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. ágúst. Umsókn ásamt starfsferilskrá og prófskirteinum skal senda til: Landbúnaðarháskóli Íslands, b.t. Guðjóns Helga Þorvaldssonar, Hvanneyri, 311 Borgarnes eða á netfangið [starf@lbhi.is](mailto:starf@lbhi.is)



## SMÍÐIR

Ans óskar eftir að ráða trésmiði til starfa. Einnig kemur til greina að semja við undirverktaka.

Upplýsingar gefur Ívar Þór Þórisson í síma 840 0955 eða á [ivar@ans.is](mailto:ivar@ans.is)



Seltjarnarnesbær

## Kennarastöður við Grunnskóla Seltjarnarness 2013-2014

Umsjónarkennara vantar í 80% starfshlutfall á yngsta stig skólans.

Kennari óskast til að sinna nýbúakennslu í 80% starfshlutfalli.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vera umsjónarkennari í námshópi veturinn 2013-2014.
- Að standa vörð um velferð og nám nemenda.
- Að sinna og starfa með foreldrum nemenda.
- Að vinna að þróun skólustarfs með samstarfsmönnum og stjórnendum.

### Hæfniskröfur

- Grunnskólakennarapróf
- Mjög góð hæfni í samvinnu og samskiptum (lykilþáttur)
- Áhugi á teymiskennslu
- Faglegur metnaður
- Menntun og reynsla af notkun Byrjendalæsis í grunnskóla (yngsta stig)
- Stundvísi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaug Sturlaugsdóttir skólustjóri í síma 5959200, einnig má senda fyrirspurnir á [gustur@grunnskoli.is](mailto:gustur@grunnskoli.is). Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir rafrænt á netfangið [gustur@grunnskoli.is](mailto:gustur@grunnskoli.is) eða [grunnskoli@grunnskoli.is](mailto:grunnskoli@grunnskoli.is)

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf. Umsækjendur eru beðnir um að benda á meðmælendum.

Á Seltjarnarnesi eru um 500 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekin í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Í Skólaskjólí eru um 100 nemendur.

[www.grunnskoli.is](http://www.grunnskoli.is)

Umsóknarfrestur er til 30. júní næstkomandi.

Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar  
[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

## ÍSTAK

Framkvæmdagleiði í fyrirrúmi



### TÆKNIMENN – NOREGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðinga eða byggingar-tæknifræðinga til starfa við framkvæmdir í Noregi. Um er að ræða fjölbreytt verkefni og þátttöku í stjórnun framkvæmda.

#### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði er skilyrði.

#### Meðal verkefna:

- Verkefnastjórnun.
- Landmælingar.
- Samningar við innlenda og erlenda birgja.
- Úrlausn tæknilegra verkefna.

Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfina á [www.istak.is](http://www.istak.is) – undir „Starfsúmsókn“ fyrir 28. júní næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

## Leikskólakennarar

Þingforseti óskast til starfa á þing fjögurra ára barna (næst elstu börnin) í Aðalþingi

Stöðunni svipar til stöðu deildarstjóra í kjarasamningi leikskólakennara við sveitarfélögin en kjörin eru að mati Félags leikskólakennara töluvert betri. Núna starfa a.m.k. þrjú leikskólakennarar á öllum þingum (deildum) í Aðalþingi, því mun væntanlegur þingforseti vinna með stórum hópi kennara og hafa verulegan faglegan stuðning.

#### Hæfniskröfur:


Leitað er að einstaklingi með starfsréttindi leikskólakennara, farsæla reynsla af stjórnun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og eða uppeldis- og kennslumála. Jafnframt er gerð krafa um færni í vinsamlegum samskiptum og að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í leikskóla sem vill starfa í anda Reggio Emilia og hafi brennandi áhuga á að læra meira með okkur.

Umsóknarfrestur er til 30. júní. Nánari upplýsingar eru á [www.adaalthing.is](http://www.adaalthing.is) Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Hörð Svavarsson skólustjóra í síma 515 0930 eða á netfangið [hordur@adaalthing.is](mailto:hordur@adaalthing.is)



LEIKSKÓLINN  
AÐALÞING

Ef að kjöri, starfsandi og fagmennska skipta mált....



## Mojo hárgreiðslustofa Laugavegi 94 óskar eftir hárgreiðslufólki í stólaleigu.

Frábær staðsetning, tekjumöguleikar og markaðssetning, einnig hvað ferðamenn varðar. (bílastæðahús)

Upplýsingar á [mojo.mojo@outlook.com](mailto:mojo.mojo@outlook.com) eða í síma 865-6200.



## Jökulsárlón ferðapjónusta ehf. óskar eftir að ráða skipstjóra á hjólabáta og Zodiac-báta í sumar.

Viðkomandi þurfa að hafa skipstjórnarréttindi. Áhugasamir hafi samband á [agust@jokulsarlon.is](mailto:agust@jokulsarlon.is) eða í síma 868-4797 eftir kl 18.

## Dýraverndarsamband Íslands leitar að starfsmanni í 50% starf fyrir félagið

Starfið felst í almennum skrifstofustörfum og vinnu við ýmis dýraverndarmál. Starfsmaður þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum, sveigjanlegur og geta unnið sjálfstætt. Krafa er að viðkomandi hafi áhuga á velferð dýra. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu á sviði félagsmála, haldgöða tölvukunnáttu og skipulagshæfileika. Vinnutími er að nokkru sveigjanlegur og starfsstöð er að Grensásvegi 12a. Þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist til [dyravernd@dyravernd.is](mailto:dyravernd@dyravernd.is) fyrir 30. júní nk.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Álfhólsskóli óskar eftir kennara í nýbúadeild
